# FRÉTTABLAÐIÐ

37. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 15. FEBRÚAR 2018




„Hann var bæði ákaflega heillandi maður, hlýr, skemmtilegur og viðræðugóður í besta lagi,“ segir Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, um Hinrik prins, sem lést í fyrrakvöld eftir alvarlega veikindi. Almenningur í Danmörku minntist í gær eiginmanns Margrétar Þórhildar Danadrottningar, meðal annars með því að leggja blóm utan við Amalienhöll. Sjá síðu 2 NORDICPHOTOS/GETTY

# Lögreglurannsóknir á vændi í skötulíki

**Mjög fá mál eru til rannsóknar hjá lögreglu þrátt fyrir umræðu í samfélaginu um aukið umfang vændis. Lögreglustjóri segir áherslu lagða á mansalsmálin, vitundarvakningu og samstarf.**

**LÖGREGLUMÁL** „Maður myndi ætla að lögreglan brygðist við í samræmi við tilefnið,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari og vísar til opinberrar umfjöllunar um aukið umfang vændis hér á landi að undanförnu.

Þrátt fyrir mikla umræðu og ummæli lögreglu um aukið umfang sýna tölur bæði frá ríkissaksóknara og frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fram á mikinn samdrátt í rannsóknum hjá lögreglu, ákærum og dómum fyrir vændiskaup á undanförnum þremur árum.

„Það hefur verið töluverð umræða um þessi mál og bæði lögreglustjóri og lögreglumenn að tjá sig í fjölmiðlum um eðli vændiskaupa, að þau séu umfangsmikil og séu að aukast, og fyrir stuttu var um það rætt að það væri aukið ofbeldi tengt þessum brotum og fleira í þeim dúr. Miðað við þessar tölur sýnist manni þó að það sé nú kannski ekki eins mikið að gerast í þessum málaflokki svona miðað við það umfang sem verið er að lýsa í fjölmiðlum,“ segir Helgi Magnús.

„Við höfum frekar lagt áherslu á mansalið heldur en vændið,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Sigríður Björk segir einnig að mikil áhersla hafi verið lögð á að efla vitundarvakningu um mansal og vændi, samstarf við vinnumarkaðinn og uppbyggingu þekkingar meðal þeirra sem starfa í málaflokknum. – aá / sjá síðu 6

**Mál til ríkissaksóknara**

| Ár | Fjöldi mála | Dómar |
|---|---|---|
| 2012 | 1 | 1 |
| 2013 | 72 | 36 |
| 2014 | 72 | 45 |
| 2015 | 1 | 1 |
| 2016 | 4 | 1 |
| 2017 | 0 | 0 |

## Hr. Hnetusmjöri dreift af Sony

**LÍFIÐ** Herra Hnetusmjör hefur skrifað undir samning við Sony og mun fyrirtækið sjá um að dreifa tónlist rapparans um Norðurlöndin.

„Þeir eru með rosa mikið af samböndum og þetta gerir allt miklu þægilegra fyrir mig,“ segir Herra Hnetusmjör í samtali við Lífið.



Aðspurður hvort hann bregðist við nýjum samningi með nýrri tónlist segir hann: „Já, ég byrja að tala ógeðslega mikið um Joe and the Juice og IKEA og eitthvað.“ – sph / sjá síðu 48

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Stjórnlagaráðið á Íslandi er fágætt dæmi um endurskoðun stjórnarskrár, segja sérfræðingar í Berkeley. 20

**SPORT** Keflavík hefur tapað sjö heimaleikjum í röð. 28

**MENNING** Þingvallamyndir úr einkasafni í Listasafni Reykjanesbæjar. 36

**LÍFIÐ** Nýjasta nýtt í heimi rappara og poppara er andlitstattú. 46




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● MARKAÐURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Fremur hægur vindur á morgun, en norðaustanstrekkingur á Vestfjörðum. Skýjað með köflum og stöku él. Hiti kringum frostmark.

SJÁ SÍÐU 32



**Blaðamaður vinnur nýja frétt á frettabladid.is.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið opnar vefmiðil

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið hefur opnað nýjan fréttamiðil, frettabladid.is. Er það lifandi fjölmiðill og glæný viðbót við íslenska fjölmiðlaflóru. Allar fréttir blaðsins birtast á vefnum á morgnana og blaðamenn standa vaktina á vefnum frá morgni til kvölds.

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins þar sem lögð er áhersla á áreiðanlegan og vandaðan fréttaflutning og lýtur vefmiðillinn sömu ritstjórnarreglum og markmiðum.

„Við erum himinlifandi með þessa nýju viðbót. Frábært teymi hönnuða, forritara og blaðamanna hefur í sameiningu unnið að uppsetningu og hönnun vefsins. Fréttablaðið.is er afar vandaður og aðgengilegur fjölmiðill og við hlökkum mjög til framhaldsins,“ segir Kristín Þorsteinsdóttir, ritstjóri Fréttablaðsins, og bendir á að margt sé fram undan.

„Minningargreinar hafa hingað til ekki verið nægilega aðgengilegar lesendum. Við munum því bjóða fólki að senda greinar inn á vefinn, án endurgjalds. Einnig höfum við opnað nýjan fasteignavef; fasteignir.frettabladid.is. Þetta er aðeins hluti nýjunga sem boðið verður upp á.“

Fréttablaðið.is er skipað öflugri og sjálfstæðri ritstjórn. Sunna Karen Sigurþórsdóttir er ritstjóri vefsins. Hún er ánægð með hvernig til hefur tekist. „Ritstjórnin er virkilega öflug og skipuð afar vönduðum blaðamönnum. Við hlökkum öll til komandi tíma,“ segir Sunna.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra opnar vefinn formlega klukkan 11.30 í dag. **– khn**

# Uppskeruhátíð nammigrísanna



**Kátir krakkar um allt land skemmtu sér konunglega á öskudaginn. Þessar stúlkur nutu árangurs erfiðisins í Kringlunni í Reykjavík og gæddu sér á sleikibrjóstsykri sem einhver hafði gaukað að þeim. Lauk þar með þriggja daga hátíðahöldum sem hófust á bolludaginn, millilentu með saltkjötsveislu á sprengidaginn og enduðu í skrautlegum öskupoka sem ókunnugur vegfarandi bar óafvitandi með sér út í buskann.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hætta við flug til Akureyrar

**SAMGÖNGUR** Air Iceland Connect hættir flugi milli Akureyrar og Keflavíkur 15. maí.

Er Akureyrarflugið hófst fyrir minna en ári sagði Árni Gunnarsson, forstjóri Air Iceland Connect, áhugann mikinn en það er breytt.

„Við höfum ekki haft nógu mikla eftirspurn á þessari leið, sætanýting verið langt fyrir neðan væntingar,“ segir Árni.

„Þetta kallar enn frekar á að Akureyrarflugvöllur verði efldur sem millilandaflugvöllur,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri.

„Við teljum áhuga á þessu flugi,“ segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands. Nú verði rætt við aðra. „Það hafa verið hnökrar í Keflavík sem þarf að leysa til að þetta renni smurt. Eitt ár er ekki nægilega langur tími til að fá reynslu á þetta flug.“ **– sa**

# Forsetarnir minnast Hinriks prins af hlýhug

**Fyrrverandi forsetar Íslands minnast samskipta sinna við Hinrik drottningarmann. Vigdís Finnbogadóttir segir Hinrik hafa verið hlýjan og viðræðugóðan mann. Ólafur Ragnar Grímsson segir honum hafa þótt vænt um Íslendinga.**

**ANDLÁT** „Við urðum ágætir vinir. Hann var bæði ákaflega heillandi maður, hlýr, skemmtilegur og viðræðugóður í besta lagi,“ segir Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, um Hinrik prins, eiginmann Margrétar Þórhildar Danadrottningar.

Prinsinn lést í Fredensborgarhöllinni á Norður-Sjálandi laust eftir klukkan ellefu að dönskum tíma í fyrrakvöld. Drottningin og prinsarnir tveir, Friðrik og Jóakim, voru hjá honum þegar hann lést.

Hinrik prins var fæddur í Frakklandi hinn 11. júní 1934. Hann kvæntist Margréti Þórhildi 10. júní 1967, um fimm árum áður en hún varð Danadrottning.

Vigdís segist eiga margar minningar af Hinriki. „Við vorum saman í Japan þegar við drottningin vorum þar að kynna norræna list. Þá var hann auðvitað með og þá nutum við þess að borða saman og vorum mikið saman. Svo kom hann með Margréti Þórhildi drottningu hingað og við fórum austur á firði. Það var mjög vont veður. Þá hló hann og lét þessi orð falla: „Þetta er nú ekki gott veður. Svona höfum við ekki í Frakklandi.“

Vigdís segir að þau Hinrik hafi gjarnan talað saman á frönsku. Síðast þegar þau hittust, fyrir um þremur eða fjórum árum, var verið að halda upp á dag franskrar tungu í Amalíuborg. „Ég var þá boðin í höllina þar sem ég var stödd í Kaupmannahöfn og Hinrik prins vildi þá endilega sýna mér listaverk í hliðarsal. Ég naut þess þá að ég talaði frönsku því að hann var feginn að hafa einhvern sem talaði frönsku í þessu samkvæmi.“



**Margrét Þórhildur Danadrottning og Hinrik prins heimsóttu Austfirði í júlí 1986 og þar smellti drottning mynd af eiginmanni sínum.** MYND/KRISTJÁN A. EINARSSON

> **Honum þótti vænt um Íslendinga og sýndi fulltrúum Íslands ávallt mikla gestrisni.**
>
> Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands

Fréttablaðið bað Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseta Íslands, líka að rifja upp minningar sínar af Hinriki. Ólafur segir Hinrik hafa verið mikinn Íslandsvin. „Honum þótti vænt um Íslendinga og sýndi fulltrúum Íslands ávallt mikla gestrisni,“ segir hann. Ólafur segir Hinrik hafa verið ljóðskáld, merkilegan þýðanda ljóða frá Víetnam. Hann hafi haft mikla þekkingu á sögu og menningu Afríku.

Þjóðhöfðingjar um alla Evrópu minntust Hinriks í gær og vottuðu dönsku konungsfjölskyldunni samúð sína. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var einn þeirra. Í samúðarkveðju sinni minntist forseti góðra kynna þeirra forsetahjóna af Hinriki í opinberri heimsókn til Danmerkur í byrjun síðasta árs. Danska ríkisútvarpið greinir frá því að Vladimir Pútín Rússlandsforseti, Emanuelle Macron Frakklandsforseti, Karl Gústav Svíakonungur og Haraldur Noregskonungur hafi sent kveðjur. Sá síðastnefndi hefur ákveðið að flaggað verði í hálfa stöng á norsku konungshöllinni fram að útförinni.

Ítarlegri umfjöllun um Hinrik prins má finna á nýjum vef Fréttablaðsins, frettabladid.is.

jonhakon@frettabladid.is





ÍSLENSKA/ SIA.IS/ SFG 87459 02/18
FLÚÐA SVEPPIR
sneiddir
íslenskir
sveppir
225g
íslenskir
kastaníusveppir
Íslenskir
Kastaníusveppir
íslenskir
sveppir
250g
FLÚÐA
SVEPPIR
BÚSTNIR OG
BRAGÐGÓÐIR
ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR
íslenskt
grænmeti
islenskt.is

# Yfirmaður kynferðisbrotadeildar tjáir sig ekki um framtíð sína

**LÖGREGLUMÁL** „Ég hef ósköp einföld viðbrögð. Ég ætla ekki að tjá mig nokkurn skapaðan hlut um hana,“ segir Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstöður skoðunar lögreglunnar á því hvað gæti hafa farið úrskeiðis er dróst að hefja rannsókn á ætluðum kynferðisbrotum karls, sem starfaði hjá Barnavernd Reykjavíkur, voru kynntar í fyrradag.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið ítarlegri skoðun á því hvað kunni að hafa farið úrskeiðis þegar dróst á langinn að hefja rannsókn á ætluðum kynferðisbrotum karlmanns, sem tilkynnt var um í sumarlok 2017.

Niðurstaðan er meðal annars að frumgreining málsins hafi ekki verið í samræmi við almennt vinnulag. Einnig þykir sýnt að stjórnun kynferðisbrotadeildar hafi ekki verið með nægjanlega markvissum hætti og því verði að breyta.

> Ég hef ósköp einföld viðbrögð. Ég ætla ekki að tjá mig nokkurn skapaðan hlut um hana.



Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Árni Þór vill ekkert tjá sig um það hvort hann sækist eftir því að leiða deildina áfram. „Þetta er eitt af því sem ég ætla ekki að tjá mig um núna.“

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, þakkar lögreglu fyrir sína vinnu en vill ekki tjá sig efnislega um skýrsluna.

„Þar sem stendur nú yfir innri úttekt á okkar aðkomu að þessu máli held ég að okkar skoðanir á þessu verði bara aðeins að fá að vera í hléi þangað til það er búið.“

Tilefni rannsóknarinnar er meðal annars það að einstaklingur tilkynnti Barnavernd Reykjavíkur nýlega að hún hefði gert Barnaverndinni viðvart um manninn árið 2008.

Skráning um tilkynninguna finnst ekki í bókum Barnaverndar. **– jhh**

## Rafvirkjar vilja slíta samningi

**KJARAMÁL** Meirihluti félagsmanna Rafiðnaðarsambands Íslands vill að kjarasamningum verði sagt upp núna í febrúar, enda sé skýr forsendubrestur. Þetta eru niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerðar voru á meðal félagsmanna.

Í frétt á vef Rafiðnaðarsambandsins segir að ljóst sé að forsendur hafi brostið fyrir ári en þá hafi verið ákveðið að fresta ákvörðun til þessa árs.

Veigamesti þátturinn sem félagsmenn eru ósáttir við eru úrskurðir kjararáðs á liðnum árum. „Menn vilja jafnframt sjá breytingar á skattgreiðslum,“ segir á vefnum. Það kemur fram að niðurstöðu sé að vænta í lok febrúar en ákvörðunin sé í höndum sameiginlegrar samninganefndar aðildarfélaga ASÍ. **– jhh**

## Vill að herinn hverfi frá Afrin

**TYRKLAND** Herlið Tyrklands í Afrinhéraði Sýrlands ætti að snúa heim og láta af aðgerðum gegn YPG, hersveitum sýrlenskra Kúrda. Þetta sagði Pervin Buldan, nýkjörinn leiðtogi flokks Kúrda (HDP), í Tyrklandi í gær. Líklega munu orð hennar þó hafa lítil áhrif á Recep Tayyip Erdogan forseta sem hefur látið handtaka fjölda fólks fyrir að mótmæla aðgerðunum á samfélagsmiðlum.

Buldan var kjörin leiðtogi HDP á sunnudag. Hún er ein þeirra sem tyrkneska lögreglan rannsakar um þessar mundir fyrir að lýsa yfir andstöðu við aðgerðir hersins í Afrin. Alls hafa á sjöunda hundrað verið handtekin frá því aðgerðirnar hófust. **– þea**



**Pervin Buldan, leiðtogi HDP**

# Fangar vilja óháða sálfræðinga til starfa í fangelsum landsins

**Ófremdarástand hefur ríkt í heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu fangelsa í áratug. Formaður félags fanga segir ekki traust milli fanga og sálfræðinga Fangelsismálastofnunar. Formaðurinn segir geðheilbrigðisþjónustuna „jafn hræðilega og hún hefur verið“. Fjárheimildir til stofnunarinnar hafa verið lækkaðar milli ára.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nauðsynlegt er að utanaðkomandi, óháðir sálfræðingar sinni fangelsum landsins en ekki sálfræðingar Fangelsismálastofnunar. Þetta er mat formanns félags fanga.

Lítið hefur breyst í sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu við fanga undanfarið ár en Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gert athugasemdir við það fyrirkomulag sem nú er við lýði.

Fangi á Kvíabryggju svipti sig lífi í fyrradag. Er það annað sjálfsvígið innan veggja fangelsa landsins á innan við ári. Í mars í fyrra fyrirfór fangi á Akureyri sér. Í kjölfarið var rætt á Alþingi um stöðu fanga.

„Það má segja það að það sé eiginlega uppi sama staða og þá,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga. „Geðheilbrigðisþjónusta er jafn hræðileg og hún hefur verið. Til að mynda hefur enginn geðlæknir komið á Litla-Hraun frá árinu 2013.“

Sú breyting var gerð í fyrra að stöðugildum sálfræðinga Fangelsismálastofnunar var fjölgað úr tveimur í þrjú. Á móti var meðferðarfulltrúum fækkað um einn. Guðmundur segir óhentugt að sálfræðingarnir starfi hjá Fangelsismálastofnun.

„Það er gífurlega slæmt ef það ríkir ekki trúnaður milli sálfræðings og skjólstæðings hans. Sú staða er uppi nú. Það sem þyrfti að gera er að semja við staðbundna sálfræðinga og félagsráðgjafa sem eru óháðir stofnuninni líkt og tíðkast á Norðurlöndunum,“ segir Guðmundur.

Formaðurinn bætir því við að ekki þurfi fleiri öryggismyndavélar í fangelsin heldur vanti fleira fagfólk. „Með utanaðkomandi fagfólki skapast meira traust sem þýðir að auðveldara verður fyrir fanga að vinna úr sínum málum. Þeir sérfræðingar gætu síðan komið með tillögur til fangelsisyfirvalda um hvaða skref sé réttast að taka í máli hvers og eins.“



**„Það er leiðinlegt að sjálfsvíg þurfi að koma til til þess að fólk sjái að við erum hérna,“ segir formaður Afstöðu – félags fanga. Fjórir sálfræðingar starfa nú hjá Fangelsismálastofnun og skipta þremur stöðugildum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ástand í heilbrigðismálum innan veggja fangelsa hefur verið í ólestri undanfarinn áratug. Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við ástand heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum árið 2010. Sú athugasemd var ítrekuð 2013, 2015 og 2017. Þá er vert að minnast á að fjárframlög til Fangelsismálastofnunar voru lækkuð um fjórtán milljónir í síðustu fjárlögum. Á grundvelli athugasemdanna var skipaður starfshópur í árslok 2015 til að fara yfir málefnið og átti hann að skila af sér fullnustuáætlun.



**Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu**

„Fangar áttu ekki fulltrúa í hópnum og við höfum ekki enn heyrt frá þeim starfshópi til að koma athugasemdum okkar að,“ segir Guðmundur. „Öðru hvoru taka pólitíkusar sig til og tala um að nú verði að fara í þessi mál. Hingað til hefur lítið verið gert. Það er leiðinlegt að sjálfsvíg þurfi að koma til til þess að fólk sjái að við erum hérna.“

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, vildi ekki tjá sig þegar eftir því var leitað.

**joli@frettabladid.is**





SMURÞJÓNUSTA - TILBOÐ

15% afsláttur
af efni og vinnu í febrúar.

Sinnum öllum almennum
**viðgerðum á flestum**
tegundum bifreiða.

STUTTUR BIÐTÍMI

Tímapantanir í síma 534 4433
Erum á Smiðshöfða 5

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

BOSS
HUGO BOSS

SAND

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD





**Íslandsbanki á 63,5 prósenta hlut í Borgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Minni hagnaður hjá Borgun

**VIÐSKIPTI** Hagnaður kortafyrirtækisins Borgunar nam 350 milljónum króna á síðasta ári og dróst umtalsvert saman frá fyrra ári. Til samanburðar var hagnaður félagsins af reglulegri starfsemi 1,6 milljarðar króna árið 2016 og heildarhagnaður 7,8 milljarðar, en þar af komu 6,2 milljarðar til vegna sölu félagsins á hlut í Visa Europe.

Tekjur kortafyrirtækisins voru 15,1 milljarður króna í fyrra og jukust um 32 prósent á milli ára. Fram kemur í afkomutilkynningu Íslandsbanka, sem á 63,5 prósenta hlut í Borgun, að erlendar tekjur kortafyrirtækisins hafi lækkað á milli ára og haft neikvæð áhrif á þóknanatekjur bankans.

Skuldir Borgunar námu 24,8 milljörðum króna í lok síðasta árs borið saman við 27,5 milljarða í lok árs 2016. Var hrein eign félagsins 6,8 milljarðar í árslok 2017 en hún nam 10,7 milljörðum í lok árs 2016.

Félagið greiddi alls um 4,7 milljarða króna í arð til hluthafa í fyrra. – **kij**

# Spennt fyrir fyrstu sneiðinni



**Bakarameistarar halda uppteknum hætti og kynntu í gær hina árlegu köku ársins. Að þessu sinni er kakan hönnuð af Sigurði Má Guðjónssyni er skar fyrstu sneiðina fyrir Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra sem þáði boð Landssambands bakarameistara. Sala á köku Sigurðar, sem sjálfur er eigandi Bernhöftsbakarís, hefst í bakaríum um land allt í dag og verður kakan í boði út árið. Í kökunni eru Sambó lakkrísþristar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Komast ekki yfir rannsóknir á vændi

**Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari gagnrýnir verklag lögreglu og telur það ekki í samræmi við yfirlýsingar í fjölmiðlum. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, vísar til forgangsröðunar og áherslu sem sé lögð á mansalsmálin.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrátt fyrir umræðu og ummæli lögreglunnar í fjölmiðlum um aukið umfang vændis sýna tölur ríkissaksóknara og lögreglu að bæði rannsóknir hjá lögreglu, ákærur og dómar fyrir vændiskaup hafa dregist verulega saman á undanförnum þremur árum.

Í svari lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að rannsóknir á kaupum á vændi hafi verið unnar í átaksverkefnum sem útskýri toppana árin 2010 og 2013.

„Miðað við þessar tölur sýnist manni þó að það sé nú kannski ekki eins mikið að gerast í þessum málaflokki svona miðað við það umfang sem verið er að lýsa í fjölmiðlum,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari.

Helgi bendir á að ákvæði í lögum um símhlustun hafi verið beitt er mest var ákært fyrir vændiskaup.

„Þá voru menn að beita hlustunum þar sem grunur var um mansal eða milligöngu um vændi, með símahlustunum á símanúmerum meintra vændiskvenna. Þannig var oft tiltölulega auðvelt að átta sig á hvað stóð til. Í þessum tilvikum um mansal og milligöngu um vændi er flóknari sönnun en um vændiskaup, þar þarf í rauninni ekkert annað en að lýsa yfir vilja til að kaupa vændi og hafa samband við vændiskonu og þá erum við allavega komin með tilraun,“ segir Helgi. 2016 hafi ákvæði um símahlustun verið breytt. Nú sé heimild til símhlustunar vegna gruns um vændiskaup. Rannsókn þessara mála eigi því ekki að vera flókin.

„Við höfum verið að einbeita okkur meira að mansalinu og þrátt fyrir að hafa ekki náð saksókn höfum við verið mjög virk í þeim og fengið margar tilkynningar,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, og bætir við: „Þannig að við höfum hreinlega ekki komist yfir þessi þessi hefðbundnu vændismál og eftirlit með þeim.“

Sérstök eining hefur verið starfandi í rúmt ár hjá lögreglunni til að rannsaka mansal og vændi.

Sigríður bendir á að andstætt því sem tölurnar gefi til kynna þau ár sem þær eru hæstar sé í rauninni ekki um marga seljendur að ræða heldur sé um að ræða tiltölulega fá mál og marga kúnna hjá sama seljanda.

„En við erum með eitt stórt mál í gangi núna og þar er verið að yfirheyra tugi kaupenda. En þarna erum við með viðurlög sem eru ekki há, miðað við vinnuna sem fer í þetta.“ **adalheidur@frettabladid.is**

**Fjöldi vændiskaupamála til rannsóknar 2007-2017**






SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG**

# OSMO



## STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

**FIM 15. FEB** 19:30
**ELDBORG**

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri
**Einar Jóhannesson** einleikari

**Sergej Prokofíev**
**Kijé liðsforingi, svíta**

**Áskell Másson**
**Silfurfljót (frumflutningur)**

**Dmítríj Shostakovitsj**
**Sinfónía nr. 6**

**FÖS 16. FEB** 18:00
**NORÐURLJÓS**

**Osmo Vänskä** klarínettleikari og hljómsveitarstjóri

**Gideon Klein**
**Tríó fyrir strengi**

**Olivier Messiaen**
**Þættir úr Kvartett fyrir endalok tímans**

**Dmítríj Shostakovitsj**
**Sinfónía nr. 6**

**Osmo Vänskä**, heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er á hátindi ferils síns og laðar fram það besta í leik þeirra hljómsveita sem hann starfar með.

Auk þess að vera snillingur með tónsprotann er Osmo frábær klarínettleikari eins og gestir Föstudagsraðarinnar munu komast í raun um.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

# Tvö hundruð polýamórar á Íslandi hafna einkvæni

**FÓLK** Hugmyndir fólks um kynlíf og ástarsambönd hafa tekið heilmiklum breytingum frá því sem áður var. Á Facebook er hópur Íslendinga sem skilgreinir sig sem pólýamorý sem er ýmist kallað fjölkært eða fjölhleypt.

María Rós Kaldalóns, annar stjórnenda hópsins segir honum skipt í lokaðan og opinn hóp. Í fyrri hópnum séu um eitt hundrað manns en í þeim opna séu nú tvö hundruð.

„Það að vera fjölkær er í rauninni andstætt við einkvæni. Við höfnum þeirri hugmynd að þú getir eða að þér sé ætlað að elska eina manneskju í einu og sért bundinn við búa með einum í einu,“ svarar María Rós.

„Þú getur verið giftur og í sambúð með þeim maka og tveimur öðrum og ég þekki þannig dæmi hér á landi. Í raun og veru hefur þetta lítið með kynhneigð að gera og hátt hlutfall þeirra sem tilheyra þessu samfélagi hér eru „pansexual“, þeir líta ekki á kyn sem forsendu til að eiga í sambandi.“

**Við höfnum þeirri hugmynd að þú getir eða að þér sé ætlað að elska eina manneskju í einu og sért bundinn við að búa með einum í einu.**



María Rós Kaldalóns, forsprakki polamory-hóps á Facebook

María Rós viðurkennir að þessi hugmynd sé á skjön við það sem þykir hefðbundið. Margir rugli því við opin sambönd. „Ég er með pólýamorus tattú og fæ oft spurningar um það og gríp þá tækifærið til að útskýra hvað í þessu felst. Þekking upprætir fordóma,“ segir hún.

Ítarlegri grein um efnið verður á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is, í dag. **– áhg**

# Driver er hætt hjá Oxfam

**BRETLAND** Breska leikkonan Minnie Driver er hætt sem sérstakur erindreki hjálparsamtakanna Oxfam vegna fregna um að starfsmenn samtakanna hafi greitt bágstöddu fólki á Haítí fyrir kynlíf.

Starfsmennirnir eru sagðir hafa nýtt sér neyð fólksins eftir að meiriháttar jarðskjálfti lagði hluta landsins í rúst.

Driver kveðst slegin yfir tíðindunum og er hætt öllum afskiptum af Oxfam. Fulltrúar Oxfam segjast ætla að læra af mistökunum á Haítí. **– khn**



**Minnie Driver**

# Vilji fyrir bættri stöðu flóttamanna hunsaður

**Dómsmála- og félagsmálaráðuneytið hafa ekki enn hafið fýsileikakönnun á því að setja á laggirnar embætti umboðsmanns flóttamanna þrátt fyrir vilja þingsins. Alþingi samþykkti það í lok ársins 20016. „Ótækt,“ segir flutningsmaður.**

**STJÓRNSÝSLA** Alþingi samþykkti 13. október árið 2016 þingsályktunartillögu um að fela innanríkisráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra að láta gera fýsileikakönnun á stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna á Íslandi. Sú könnun hefur enn ekki verið gerð og ekki fást viðbrögð ráðherra um hvenær verði farið í þessa könnun.

„Það gefur augaleið að þetta er ótækt. Samþykkt þingsályktunartillaga er viljayfirlýsing af hálfu Alþingis. Framkvæmdarvaldið situr í umboði þings og þar af leiðandi skyldugt að framkvæma vilja Alþingis alveg óháð því hvaða ríkisstjórn situr á hverjum tíma og hvaða ríkisstjórn tekur við eftir að þingsályktunartillögur hafa verið samþykktar,“ segir Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, flutningsmaður tillögunnar á sínum tíma.

Í fyrra komu samtals 1.100 útlendingar hingað til lands sem sóttu um alþjóðlega vernd. Langflestir frá Georgíu, eða 289, og 262 frá Albaníu. Að auki komu um 110 einstaklingar frá Írak hingað til lands sem sóttu um hæli hér á landi.

„Ég tel að það sé mjög mikilvægt að ráðast í þessa athugun. Staða flóttamanna hefur síst batnað frá því þessi samþykkt var gerð. Ítrekað koma upp mál sem koma mjög illa við almenning og særa réttlætiskennd fólk. Við þurfum embætti sem hefði það eina hlutverk að sinna hagsmunum og réttarstöðu flóttamanna á Íslandi,“ bætir Ólína við og minnir á mál drengs sem sótti um vernd hér en var varpað í fangelsi og beittur gríðarlegu ofbeldi þar.



**Vilji Alþingis frá því 2016 hefur ekki verið framkvæmdur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þegar þingið sendir frá sér ályktun til ráðuneytis þá ber ráðuneyti að sjálfsögðu að fara að vilja þingsins,“ segir Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

„Myndi ég ætla að ráðuneytið verði þá, sé ekki geta til framkvæmda, að svara með rökstuðningi hvers vegna því er ekki fylgt eftir,“ segir Helga Vala. **sveinn@frettabladid.is**


# SPRENGIDAGSVIKA

Tilboð á völdum notuðum bílum.

Tilboðin gilda frá 12. - 17. febrúar. Skoðaðu úrvalið á notadir.is/tilbodsbilar



**Mercedes-Benz GL 350**
Árgerð 2013, ekinn 66 þús. km, dísil, 2987 cc, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 7 manna.
Verð áður 9.690.000 kr.
**Verð nú 8.900.000 kr.**
Raðnúmer: 320829



**Mercedes-Benz CLA 220**
Árgerð 2015, ekinn 17 þús. km, dísil, 2143 cc, 177 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 4.990.000 kr.
**Verð nú 4.650.000 kr.**
Raðnúmer: 100451



**Kia Sportage EX**
Árgerð 2017, ekinn 46 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 4.490.000 kr.
**Verð nú 4.190.000 kr.**
Raðnúmer: 992865



**Kia Picanto LX**
Árgerð 2017, ekinn 10 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 1.690.000 kr.
**Verð nú 1.490.000 kr.**
Raðnúmer: 992712



**Lancia Thema**
Árgerð 2013, ekinn 130 þús. km, dísil, 2987 cc, 240 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
Verð áður 2.890.000 kr.
**Verð nú 1.990.000 kr.**
Raðnúmer: 992818



**VW Golf Tendline**
Árgerð 2016, ekinn 68 þús. km, dísil, 1598 cc, 110 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 2.190.000 kr.
**Verð nú 1.890.000 kr.**
Raðnúmer: 321263



**VW Passat Comfortline**
Árgerð 2013, ekinn 97 þús. km, dísil, 1968 cc, 140 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 2.790.000 kr.
**Verð nú 2.390.000 kr.**
Raðnúmer: 320909



**Skoda Octavia Combi**
Árgerð 2016, ekinn 75 þús. km, dísil, 1968 cc, 184 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 3.680.000 kr.
**Verð nú 3.290.000 kr.**
Raðnúmer: 321240

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxli.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# Öruggur við allar aðstæður
# Nýr Dacia Duster




## Verð frá:
## 3.590.000 kr.
**Fjórhjóladrifinn**

**Staðalbúnaður í Comfort útgáfu er meðal annars:** 16" álfelgur, leiðsögukerfi með Íslandskorti, þokuljós, miðstöð með loftkælingu, brekkuhemlun (eingöngu í 4x4), hraðastillir með hraðatakmörkun, fjarlægðarskynjarar að aftan, neyðarhemlunarhjálp, start/stopp búnaður, skyggðar rúður að aftan, hiti í framsætum.
**Aukalega í Prestige útgáfu:** 17" álfelgur, Multiview 360° myndavélakerfi, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, lykillaust aðgengi, leðuráklæði á sætum.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Fundu nýja tegund sýklalyfja í jarðvegi

**HEILBRIGÐISMÁL** Rannsóknir vísindamanna við Rockefeller-háskóla í New York í Bandaríkjunum leiddu til uppgötvunar nýrrar tegundar sýklalyfja.

Þetta nýuppgötvaða efnasamband sem fyrirfinnst í jarðvegi hefur hlotið nafnið malacidin. Frekari rannsóknir á efninu hafa leitt í ljós getu þess til að tortíma nokkrum bakteríum sem hafa þróað með sér ónæmi fyrir sýklalyfjum.

Þó langt sé í land með að taka upp malacidin í almennri læknisþjónustu eru tíðindin vægast sagt jákvæð.

Vísindamenn hafa víða leitað að nýjum sýklalyfjum til að berjast gegn útbreiðslu ónæmra baktería, þar á meðal MÓSA-baktería, sem ónæmar eru fyrir hefðbundnum sýklalyfjum.

MÓSA-sýkingar eru sérstakt vandamál komi þær upp á spítölum. Þær geta valdið illviðráðanlegum sýkingum í þvagfærum og lungum.

Sýklalyfjaónæmi er ein mesta heilsufarsógnin sem steðjar að mannkyni og dregur um 700 þúsund manns til dauða á ári hverju. – khn



Miklar vonir eru bundnar við malacidin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ólíðandi að vera undir ESB

**BRETLAND** Það væri „ólíðandi“ og „andlýðræðislegt“ ef Bretland yrði áfram að fylgja lögum og reglugerðum Evrópusambandsins eftir útgöngu, svokallað Brexit. Þetta sagði Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands, ræðu í gær. Ræðan var liður í herferð Theresu May forsætisráðherra til þess að skýra myndina fyrir almenningi.



**Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands**

Johnson sagði kostina við áframhaldandi aðild að innri markaði og tollabandalagi ESB ekki eins augljósa og óhrekjanlega og stuðningsmenn svokallaðs „mjúks Brexit“ héldu fram. „Eina leiðin til að halda frelsi okkar til nýsköpunar er að taka aftur stjórnina svo við getum sett okkar eigin lög.“ – þea

## Lúxusíbúðir tómar í London

**ENGLAND** Um 15 þúsund lúxusíbúðir sem byggðar hafa verið í London standa tómar. Sænska dagblaðið hefur eftir sérfræðingi við London School of Economics að fasteignamarkaðurinn í London sé orðinn spilavíti fyrir alþjóðlega fjárfesta. Lúxusíbúðirnar séu ekki byggðar til að fólk búi í þeim, heldur séu þær til að fjárfesta í. Menn hafi gleymt því hvernig íbúðir sé þörf fyrir í London.

Lúxusíbúðir í London hafi selst á fasteignamessum í Asíu og Miðausturlöndum. – ibs

# HS Orka vill virkja vindinn og áformar rannsókn á Reykjanesi

**Sótt hefur verið um leyfi fyrir allt að 80 metra háu rannsóknarmastri á Reykjanesi. Myndi standa í eitt til tvö ár til að meta fýsileika þess að reisa vindorkuver á svæðinu. Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku, segir tækifæri falin í vindinum. Kostnaður við framleiðslu vindorkunnar hafi lækkað verulega síðustu ár.**

**ORKUMÁL** „Við erum að leita tækifæra og ákváðum að sækja um hjá Reykjanesbæ að fá að reisa mastur sem yrði eitt nauðsynlegt skref á leiðinni,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku.

Fyrirtækið hefur sótt um framkvæmdaleyfi fyrir allt að 80 metra háu rannsóknarmastri á Reykjanesi til að skoða hvort forsendur sé fyrir því að reisa vindorkuver á svæðinu.

Samkvæmt umsókn HS Orku felst rannsóknarverkefnið í að reisa hið háa mastur til að mæla vindstyrk í um eitt til tvö ár og síðan fjarlægja það. Niðurstöður mælinganna verða síðan nýttar til að meta fýsileika þess að reisa vindorkuver, með tilheyrandi vindmyllum, innan tiltekins svæðis frá mælingarstað.

„Vindorka er eitthvað sem á eftir að koma til skjalanna í auknum mæli á Íslandi og það eru ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi er hér mikil vindauðlind. Í öðru lagi er aukin orkuþörf og eftirspurn í landinu og í þriðja lagi er ástæðan fyrir því að við höfum ekki gert þetta hingað til, hvorki HS Orka né aðrir, í stórum stíl sú að það eru tveir aðrir kostir í landinu ódýrari og áreiðanlegri. Jarðvarmi og vatnsafl.“

Þetta hafi hins vegar breyst og að sögn Ásgeirs hefur kostnaður við framleiðslu vindorku lækkað verulega á síðustu tíu árum.

„Þetta er orðinn samkeppnisfær möguleiki í kostnaði og þá er eftir samanburðurinn á öðrum sviðum.“



HS Orka vill reisa allt að 80 metra hátt rannsóknarmastur á Reykjanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Ásgeirs hentar Reykjanes vel þar sem allir innviðaþættir séu sterkir. Þar sé vindasamt, vegir til staðar, aðgengi auðvelt, raforkuflutningskerfi nærri og raskað svæði meðal annars vegna Reykjanesvirkjunar sem HS Orka rekur.

Ásgeir segir mastrið vissulega þurfa að vera hátt, eða sem nemur ríflega hæð Hallgrímskirkjuturns, en sé þó mjótt á við fjarskiptamastur. Nauðsynlegt sé að hafa það hátt til að mæla vind í meiri hæð en í hefðbundnum veðurmælingum. Mælingar segi svo til um hvernig vindmyllur þyrfti að setja upp.

Erindi HS Orku kom inn á borð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar í fyrradag.

Ásgeir segir umsóknina nauðsynlegt skref í verkefninu en í henni felist þó engin ákvörðun um að byggja vindmyllur fyrr en hugsanlega síðar. Fáist leyfi fyrir rannsóknarmastrinu geti verkefnið farið af stað innan árs.
mikael@frettabladid.is






Fjarlægðirnar hverfa þegar þú flýgur með okkur. Með Flugfrelsi geturðu flogið sex sinnum fyrir betra verð hvenær sem söknuðurinn knýr dyra. Enda vita Íslendingar að aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Kynntu þér kosti Flugfrelsis á **airicelandconnect.is**

Air Iceland Connect

# Zuma sagði af sér í skugga vantrausts

**Jakcob Zuma, forseti Suður-Afríku, sagði af sér í gærkvöld. Atkvæðagreiðsla um vantrauststillögu var yfirvofandi í dag. Líklegt að leiðtogi Afríska þjóðarráðsins taki við af Zuma. Áhlaup var gert á heimili fjölskylduvina forseta vegna rannsóknar á stóru spillingarmáli.**

**SUÐUR-AFRÍKA** Þingflokkur Afríska þjóðarráðsins (ANC), ráðandi flokks suðurafrískra stjórnmála, samþykkti í gær að styðja vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar á Jacob Zuma forseta. Atkvæðagreiðsla um tillöguna átti að fara fram í dag og þótti næstum öruggt að hún yrði samþykkt en Zuma sagði af sér í gærkvöldi.

„Við viljum ekki að Suður-Afríka þurfi að bíða lengur. Ef Zuma svarar einhvern tímann þá svarar hann bara en við getum ekki beðið lengur. Þessi ákvörðun hefur verið tekin,“ sagði Paul Mashatile, gjaldkeri flokksins, í gær.

Flokkurinn hefur undanfarið þrýst mjög á Zuma að segja af sér vegna spillingarmáls sem lögreglu grunar að hann sé aðili að. Var honum steypt af stóli forseta flokksins í desember og tók Cyril Ramaphosa við af honum. Sagt var í gær að Ramaphosa yrði að öllum líkindum forseti, jafnvel strax í dag, að því er suðurafríski miðillinn Sowetan greinir frá.



**Paul Mashatile, gjaldkeri ANC, á blaðamannafundi gærdagsins.** NORDICPHOTOS/AFP

Hinir svokölluðu Haukar, sérsveit lögreglu, gerðu í gær áhlaup á heimili Gupta-fjölskyldunnar í tengslum við spillingarrannsóknina og handtóku þrjá, meðal annars einn Gupta-bræðra. Bræðurnir, Atul, Rajesh og Ajay, fluttu til Suður-Afríku frá Indlandi árið 1993 og eru með valdamestu mönnum landsins. Teygir viðskiptaveldi þeirra anga sína meðal annars í námagröft, samgöngur, tæknigeirann og fjölmiðla.

Bræðurnir eru nánir vinir Zuma forseta og eru þeir sakaðir um að hafa mútað embættismönnum. Mcebisi Jonas, fyrrverandi fjármálaráðherra, sagði árið 2016 að fjölskyldan hefði boðið honum um fimm milljarða króna gegn því að hann hlýddi skipunum þeirra. Umboðsmaður suðurafrísks almennings birti svo skýrslu þar sem hann sakaði Gupta-fjölskylduna og Zuma forseta um ólöglegt samráð við gerð útboðssamninga.

Blaðamaður BBC velti upp fjórum mögulegum ástæðum fyrir þessari tímasetningu á áhlaupi Haukanna, sem þótti áhugaverð í ljósi atkvæðagreiðslunnar sem átti að fara fram í dag. Ein þeirra var að mögulega hefði einhver úr herbúðum Ramaphosa þrýst á lögreglu til að auka þrýsting á Zuma forseta. Væri það til marks um harðnandi valdabaráttu Ramaphosa og Zuma en sá fyrrnefndi hafði, auk stuðningsmanna sinna, sagt að það gengi ekki að tveir stýrðu landinu í einu.

Zuma rauf þögnina og tjáði sig um atburði gærdagsins og ásakanirnar í gær. „Þessi hugmynd um að ekki geti verið tveir við völd er sýn þeirra sem hafa ekki nægilegan þroska til að greina stjórnmál,“ sagði Zuma sem stuttu síðar hafði þó sagt af sér.

Sagði Zuma hugmyndina eiga uppruna sinn í því að Thabo Mbeki forseti hefði viljað verða forseti ANC eftir að hann mátti ekki bjóða sig fram til endurkjörs, en í stjórnarskrá er kveðið á um að ekki megi sitja fleiri en tvö kjörtímabil. Nú sé staðan allt önnur enda væri Zuma ekki að sækjast eftir þriðja kjörtímabilinu og heldur ekki leiðtogasætinu í þjóðarráðinu. Hann vildi bara fá að klára kjörtímabilið.

Forsetinn sagði jafnframt frá heimsókn valdamestu manna þjóðarráðsins til sín á sunnudag þar sem þeir báðu hann um að segja af sér. „Ég spurði þá hvert vandamálið væri. Hvers vegna ég þyrfti að segja af mér. Hvort ég hefði gert eitthvað af mér. Og auðvitað gátu þeir ekki sagt mér það,“ sagði Zuma.

„Það þarf að dæma mig eftir því sem ég hef gert. Enginn hefur sýnt fram á að ég hafi gert nokkuð af mér. Hef ég gert eitthvað af mér? Ef svo er, hvað? Enginn hefur getað svarað þessu,“ sagði Zuma. Aðförin að honum væri ósanngjörn.

**thorgnyr@frettabladid.is**




GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400 | Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622 | Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533 | Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070 | IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080 | BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

# ESTĒE LAUDER

## Estée Lauder kaupaukinn þinn í verslunum Hagkaups dagana 15. – 21. febrúar.

Þessi glæsilegi kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 7.900 kr. eða meira*

Tilboðið gildir í Hagkaup Kringlu, Smáralind, Skeifu, Garðabæ og Akureyri.




**Advanced Night Repair**
Margverðlaunaðir viðgerðardropar. Þín besta trygging fyrir því að húðin eldist ekki eins hratt og árin segja til um. Droparnir eru olíulausir, ilmefnalausir, veita góðan raka og stífla ekki húðholur.

**20% afsláttur**
af öllum Estée Lauder vörum
15. – 19. febrúar




**Kaupaukinn inniheldur:**

Advanced Night Repair
– viðgerðardropa, 7ml
Advanced Night Repair Eye
- alhliða augnkrem, 5ml
DayWear Multi-Protection Anti-Oxidant
24H Moisture Creme – rakakrem, 15ml

Gentle Eye Makeup Remover
- mildan augnfarðahreinsi, 50ml
Sumptuous Extreme Mascara
– svartan maskara, 2.8ml
The Illuminator
- ljómandi farðagrunn, 15ml

Pure Color Envy Sculpting Eyeshadow
- fallega augnskuggapalettu
með fjórum litum
Fallega snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast

HAGKAUP Meira svona alla daga

Kringlan

30 ára

LÉTT BYLGJAN 967

## FRÁBÆR TILBOÐ OG LUKKUHJÓL

# KONUKVÖLD

**Skemmtu þér með okkur** á Konukvöldi Létt Bylgjunnar í kvöld. Glæsileg skemmtiatriði, lukkuhjól, kynningar og dekur í göngugötu. Léttar veitingar á boðstólum í fjölmörgum verslunum sem og í göngugötu.

Verslanir og veitingastaðir bjóða frábær tilboð sem gilda allan daginn.

## SKEMMTIDAGSKRÁ HEFST KL. 19

**Kl. 19.00** **Heimilstónar flytja lagið Kúst og fæjó**

**Kl. 19.30** **Zumba á Bíógangi**

**Kl. 20.00** **Ari Ólafs og Þórunn Erna Clausen flytja lagið Heim**

**Kl. 20.30** **Fókus hópurinn flytur lagið Aldrei gefast upp**

**Kl. 21.30** **Sycamore tree með söngkonu ársins, Ágústu Evu**

**Léttar veitingar og kynningar í göngugötu frá kl. 18**

## LUKKUHJÓL MEÐ SIGGU KLING

Allir sem mæta á Konukvöld geta snúið lukkuhjóli þar sem vinningar eru stórglæsilegir.

**Aðalvinningur: Evrópuferð fyrir 2**

HAGKAUP
20% afsláttur af öllum Oroblu vörum

Heilsuhúsið 1979
15% afsláttur af öllum vörum

augað
20% afsláttur af öllum vörum

GEYSIR
20% afsláttur af öllum Geysis vörum

Timberland
20% afsláttur af öllum dömuskóm

UNDER ARMOUR
Skór frá 5.000 kr og vörur frá 1.000 kr.

Mathilda Kringlunni
20% afsláttur af Rabens Saloner, HunkyDory og vorlínu Sand

Eirberg LÍFSTÍLL
20% afsláttur af öllum vörum

ecco
20% afsláttur af öllum vörum

MICHELSEN ÚRSMIÐIR
30% afsláttur af skartgripum frá Georg Jensen

Kaupfélagið
20% afsláttur af öllum vörum

Kultur
20% afsláttur af Day Birger et Mikkelsen og Munthe

KOX KRINGLUNNI
20% afsláttur af öllum vörum

BEAUTY BAR
15-25% afsláttur af öllum vörum

Levi's
25% af öllum dömutoppum og jökkum, 20% af dömubuxum

Kultur menn
20% afsláttur af öllum skyrtum og bindum

**OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD**

**GLÆSILEG SKEMMTIATRIÐI**




kringlan.is

PIPAR\TBWA • SÍA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lyf & heilsa Kringlunni<br>20% afsláttur af snyrtivörum og 25% af ilmum | name it<br>20% afsláttur af öllum buxum | AIR<br>20% afsláttur af öllum vörum | next<br>20% afsláttur af öllum vörum | ORG<br>20% afsláttur af völdum vörum | BAST<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| Penninn Eymundsson<br>20% afsláttur af öllum vörum | DOGMA<br>20% afsláttur af öllum vörum | focus<br>20% afsláttur af öllum skóm | gs skór<br>20% afsláttur af öllum hælaskóm og 10% af öllu fyrir NTC klúbbsmeðlimi | SELECTED<br>Sérvalin tilboð | SMASH<br>20% afsláttur af öllum dömuvörum |
| meba<br>20% afsláttur af öllum silfur-skartgripum | galleri sautján<br>20% afsláttur af Samsøe & Samsøe, Moss Reykjavík, Plain, 5 Units og 2ndOne. 10% af öllu fyrir fyrir NTC meðlimi | GAME STÖÐIN<br>20% afsláttur af öllum spiluðum leikjum | skór.is<br>15% afsláttur af dömuskóm | Spútnik<br>10-20% afsláttur af öllum vörum | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| A4<br>Tax Free af öllum vörum. 30% afsláttur af Bloomingville og Umbra gjafavörum | Jens<br>20% afsláttur af öllum silfur-skartgripum | FREDDY<br>30% afsláttur af öllum æfingabuxum | Kaffitár<br>20% afsláttur af öllum kaffidrykkjum | L'OCCITANE EN PROVENCE depuis 1976<br>15% afsláttur af völdum vörulínum | byggtogbúið Kringlunni<br>20% afsláttur af flestum vörum, 10-70% af öðrum vörum |
| Pizzeria Café Bleu Brasserie<br>2 fyrir 1 af salötum | ÚTILÍF<br>20% afsláttur af öllum Under Armour vörum | JACK & JONES<br>Sérvalin tilboð | CINTAMANI<br>15% afsláttur af öllum vörum | COMPANYS<br>20% afsláttur af 5 Units, InWear, Part Two og Saint Tropez. 10% af öðrum merkjum fyrir NTC klúbbsmeðlimi | JÓN & ÓSKAR<br>15% afsláttur af öllum úrum |
| MAIA Reykjavík<br>20% afsláttur af öllum fatnaði | cobra<br>20% afsláttur af öllum nælon-sokkabuxum frá FALKE og wolford | SKECHERS<br>20% afsláttur af öllum vörum | MOMO<br>20% afsláttur af öllum vörum, veitingar í boði | KÚNÍGÚND Sérverslun með vandaðar gjafavörur<br>15% afsláttur af öllum vörum | FINNSKA BÚÐIN<br>20% afsláttur af kvenfatnaði, fylgi-hlutum og skartgripum |
| INGLOT<br>30% afsláttur af öllum vörum | MOTOR & MIA<br>20% afsláttur af nýjum vörum | NESPRESSO<br>Sérvalin tilboð | SIX<br>3 fyrir 2 tilboð | Síminn<br>iPhone X á 18.000kr afslætti. Apple Watch og Fibit á góðu verði | Gleraugað<br>25% afsláttur af gleraugum |
| vodafone<br>Samsung Galaxy S8, tilboðsverð 89.990 kr. Samsung Galaxy S8+, tilboðsverð 99.990 kr. | SUBWAY<br>Glænýr Tacobátur! 6" Tacobátur, lítill Doritos og gos á 899kr, 12" Taco-bátur, lítill Doritos og gos á 1.299 kr | Nostalgía<br>20% afsláttur af öllum kvenvörum | hrím 2. hæð<br>20% afsláttur af öllum vörum | VILA CLOTHES<br>Sérvalin tilboð | COSMO Kringlunni<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| ÍSLANDIA TOURIST SHOP<br>20% afsláttur af öllum vörum | INDÍSKA<br>20% afsláttur af öllum vörum | DÝRABÆR - fyrir dýrin þín<br>20% afsláttur af öllum vörum | DUNKIN' DONUTS<br>20% afsláttur af öllum vörum | serrano<br>LKL salat og 1/2 l. Kristall á 1.599 kr. | JOE & THE JUICE<br>Frír kaffidrykkur að eigin vali með samloku og djús |
| VERO MODA<br>Sérvalin tilboð | Kaffi Klassík<br>2 fyrir 1 af crepes | G-STAR RAW<br>20% afsláttur af kvenfatnaði | local<br>20% afsláttur af öllu. Gildir ekki með tilboðum. | hrím 1. hæð<br>20% afsláttur af öllum vörum | 17 SORTIR Kökur & Tertur<br>6 bollakökur á 2.300 kr. |
| Galla Buxnabúðin<br>20-50% afsláttur af öllum vörum | SALT<br>15% afsláttur af Meraki | URBAN<br>20% afsláttur af öllum gallabuxum | SHARE women's wear<br>20% afsláttur af öllum vörum | JÚNÍK<br>20% afsláttur af öllum vörum | LINDEX<br>20% afsláttur af öllum vörum |

Tilboð gilda í allan dag en ekki með öðrum tilboðum. Birt með fyrirvara um innsláttar- eða prentvillur.

facebook.com/kringlan.is

# Hið opinbera keppi ekki við leigufélög

**Dósent í hagfræði við Háskóla Íslands segir að leigufélög hafi skapað stöðugleika á markaði. Stjórnvöld ættu ekki að keppa við þau í krafti fjármuna skattgreiðenda. Margvíslegar aðrar leiðir séu færar fyrir stjórnvöld til þess að lækka húsnæðiskostnað almennings.**

Stjórnvöld ættu ekki að amast við auknum umsvifum leigufélaga á almennum markaði eða keppa sjálf – í krafti peninga skattgreiðenda – við slík félög. Þau ættu fremur að huga að almennum aðgerðum sem væru til þess fallnar að auka framboð á markaði og lækka vexti og byggingarkostnað og skapa þannig umhverfi þar sem virkur leigumarkaður fær þrifist. Þetta er mat Ásgeirs Jónssonar, dósents í hagfræði við Háskóla Íslands.

Ásgeir mun halda erindi á fundi Heimavalla, stærsta leigufélags landsins, í dag. Heimavellir er eitt nokkurra félaga sem hafa haslað sér völl á leigumarkaði síðustu ár svo eftir hefur verið tekið. Stefnt er að skráningu félagsins í Kauphöll um mánaðamót mars og apríl. Annað leigufélag, Almenna leigufélagið, sem er í eigu sjóða í rekstri GAMMA, undirbýr einnig skráningu á markað.

Ásgeir bendir á að á árum áður hafi enginn alvöru leigumarkaður verið til hér á landi. „Það voru fyrst og fremst einstaklingar sem leigðu út íbúðir sjálfir og var markaðurinn mjög erfiður í alla staði fyrir leigjendur. Það verður ekki annað séð en þessi leigufélög hafi skapað stöðugleika á markaðinum með því að bjóða upp á langtímaleigu sem ekki var endilega áður í boði,“ nefnir hann.



Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við HÍ, segir þá nýbreytni sem felst í tilkomu leigufélaga í sjálfu sér góða viðbót við markaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það hafi í raun verið það sem gerðist eftir árið 2000 á markaði með atvinnuhúsnæði þegar fasteignafélög komu fram á sjónarsviðið. „Nú er til staðar ákaflega skilvirkur markaður með atvinnuhúsnæði sem hefur styrkt rekstrarforsendur margra fyrirtækja sem þurfa ekki að binda fjármagn í húsnæði en geta samt fengið sérstökum óskum um aðstöðu og umbúnað fullnægt hjá þessum leigufélögum með langtímaleigusamningum.

Nú er svipuð þróun að eiga sér stað hvað varðar útleigu á íbúðarhúsnæði. Þess vegna er sú nýbreytni sem felst í tilkomu leigufélaga í sjálfu sér mjög góð viðbót við markaðinn. Til þess að ná fram arði í útleigu á íbúðarhúsnæði þarf, líkt og með útleigu á atvinnuhúsnæði, annars vegar stærðarhagkvæmni og hins vegar góða þjónustu svo leigjendur leiti ekki annað,“ segir Ásgeir.

Hann nefnir að nú þegar séu til ýmis stór og sérhæfð leigufélög, líkt og Félagsstofnun stúdenta, sem séu ekki beinlínis rekin í hagnaðarskyni. Þá séu sveitarfélögin einnig með félagsleg leigukerfi.

„Við hljótum að vilja að markaðurinn sé sem fjölbreyttastur. Það er hins vegar mjög varhugavert fyrir opinbera aðila að ætla að standa í slíkum rekstri. Því fylgir mikil fjárbinding og auk þess getur opinber rekstur almennt séð aldrei keppt við einkaaðila eða félagasamtök nema með mikilli meðgjöf. Ég held að fjármunum skattgreiðenda sé betur varið til annarra verkefna.

Það eru hins vegar ótal aðrar leiðir til þess að lækka húsnæðiskostnað fólks, svo sem með því að auka lóðaframboð og huga að lækkun byggingarkostnaðar og almennt stuðla að frekari lækkun vaxta og lágri verðbólgu.

Þá hefur verið allt of mikil áhersla á að byggja stórt og flott húsnæði. Við hljótum nú að huga að því að byggja ódýrt húsnæði sem hentar ungu fólki.“

Aðspurður segir Ásgeir að þrátt fyrir mikla hækkun fasteignaverðs á síðustu árum sé verðið „ekkert endilega út úr korti miðað við aðra þætti, eins og til dæmis laun og vaxtastig. Til dæmis hefur fasteignaverð ekki hækkað mikið meira en lægstu launataxtar hin síðari ár. Vaxtastigið hefur einnig lækkað mikið sem léttir greiðslubyrði fólks.

Hins vegar hefur hærra fasteignaverð og auknar veðkröfur hjá lánveitendum leitt til þess að mun meira eigið fé þarf til þess að kaupa húsnæði en var hér á árum áður – og það hefur lokað fasteignamarkaðinum fyrir mörgum hópum, líkt og ungu fólki,“ segir Ásgeir.

**kristinningi@frettabladid.is**





## Uppbygging fjarskiptainnviða

Lagning ljósleiðara í dreifbýli Reykjavíkur til að tryggja öruggt netsamband er til skoðunar hjá Reykjavíkurborg.

**Auglýst er eftir:**

A. Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu utan þéttbýlis í Reykjavík á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.

B. Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan. Þeir sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o.fl.

C. Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða á ofangreindu svæði í Reykjavíkurborg sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til EFLU verkfræðistofu á netfangið kristinn.hauksson@efla.is **fyrir kl. 12:00 þann 22. febrúar 2018.**
Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

**reykjavik.is/uppbygging-fjarskipta**




Dómurinn hefur áhrif á marga lántaka Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Íslandsbanki færir 800 milljónir til skuldar

Íslandsbanki hefur fært 800 milljóna króna skuldbindingu í ársreikning til þess að mæta tapi vegna dóms sem féll í Hæstarétti síðasta haust. Yfirferð starfsmanna bankans á samningum sem dómurinn tekur til er vel á veg komin og er gert ráð fyrir endurgreiðslum á ofgreiddum vöxtum á þessu ári.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í október í fyrra að Íslandsbanki hefði brotið gegn ákvæðum laga um neytendalán.

Fram kemur í ársreikningi bankans að töluverður hluti samninganna, sem talið er að dómurinn taki til, hafi verið endurfjármagnaður eða greiddur upp við sölu viðkomandi eigna. Þá hafi endurskoðun vaxta verið frestað á meirihluta samninga frá þeim tíma þegar úrskurður Neytendastofu lá fyrir haustið 2014. **– kij**

## Telur arðgreiðslu ekki í samræmi við stefnuna

Bankasýslan, sem heldur um 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka, telur að tillaga stjórnar bankans um 25 milljarða króna skilyrta arðgreiðslu sé ekki í samræmi við ákvæði eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki um jafnræði hluthafa og vandaða stjórnarhætti. Þetta kemur fram í bókun stofnunarinnar í fundargerð hluthafafundar bankans síðastliðinn mánudag.

Tillaga stjórnarinnar var samþykkt á fundinum en Bankasýslan greiddi atkvæði gegn henni.

Stofnunin tók auk þess fram í bókuninni að umrædd arðgreiðsla ætti að koma strax til framkvæmda og ekki vera háð viðskiptum á milli hluthafa bankans.

Samkvæmt tillögunni fær stjórn bankans heimild til að greiða hluthöfum allt að 25 milljarða í arð. Arðgreiðslan var háð því skilyrði að Kaupþingi tækist að selja minnst tvö prósent eignar félagsins fyrir 15. apríl. Því skilyrði var aflétt í gær með kaupum fjárfesta á samanlagt 5,34 prósenta hlut í Arion banka. **– kij**

**NÝ HEIMASÍÐA - BILALAND.IS**

# VETRARTILBOÐ BÍLALANDS



**Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!**

Lykill fjármögnun

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

44.056 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144720

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 05/16, ekinn 56 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 3.390 þús. kr.

107.191 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144648

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 01/16, ekinn 86 þ.km, dísil, sjálfskiptur
**Verð 8.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 8.290 þús. kr.

33.748 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 321245

MAZDA 3 Vision
Nýskr. 02/16, ekinn 20 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.590 þús. kr.

19.060 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144484

HYUNDAI I30 Classic
Nýskr. 01/15, ekinn 136 þ.km, dísil, 6 gírar.
**Verð 1.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.450 þús. kr.

26.017 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 121348

HYUNDAI IX20 Comfort
Nýskr. 11/14, ekinn 43 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.990 þús. kr.

33.748 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 390535

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 06/15, ekinn 73 þ.km, dísil, 6 gírar.
**Verð 2.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.590 þús. kr.

19.575 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 370797

VW Polo Trendline
Nýskr. 06/16, ekinn 45 þ.km, dísil, 5 gírar.
**Verð 1.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.490 þús. kr.

32.460 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144733

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 01/16, ekinn 84 þ.km, dísil, 6 gírar.
**Verð 2.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.490 þús. kr.

22.152 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 284735

VW Golf Trendline
Nýskr. 05/14, ekinn 58 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð 2.090 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.690 þús. kr.

18.287 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 370788

DACIA Logan
Nýskr. 04/15, ekinn 53 þ.KM dísil, beinskiptur.
**Verð 1.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.390 þús. kr.

35.037 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 370818

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 2016, ekinn 70 þ.km, dísil, 6 gírar.
**Verð 3.290 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.690 þús. kr.

33.748 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144417

HYUNDAI Santa Fe II Lux
Nýskr. 03/13, ekinn 94 þ.km, bensín, sjálfskiptur, 5 manna.
**Verð 3.290 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.590 þús. kr.

19.575 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 390532

NISSAN Note Acenta Plus
Nýskr. 07/14, ekinn 53 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.490 þús. kr.

46.633 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144380

SUBARU Levorg Premium Eyesight
Nýskr. 01/17, ekinn 12 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 3.590 þús. kr.

59.518 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144388

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 03/17, ekinn 28 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 4.590 þús. kr.

19.575 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144377

RENAULT Clio Expression Sport Tourer
Nýskr. 12/14, ekinn 39 þ.km, dísil, 5 gírar.
**Verð 1.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.490 þús. kr.

16.998 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 144744

HONDA Jazz
Nýskr. 06/13, ekinn 69 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.690 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.290 þús. kr.

56.941 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 321181

BMW I I3 Rex
Nýskr. 11/16, ekinn 29 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 4.890 þús. kr.

TILBOÐ:
## 4.390 þús. kr.

35.037 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 370796

NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 04/16, ekinn 40 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.690 þús. kr.

56.941 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 370654

BMW X1 Xdrive20d
Nýskr. 11/15, ekinn 28 þ.km dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 4.390 þús. kr.

ENNEMM / SÍA / NM86651

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
**www.facebook.com/bilaland.is**

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

bílaland

# Ekkert smámál



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Árið 2009 skók einn stærsti pólitíski skandall síðari tíma breskt stjórnmálalíf. Málið varðaði reikninga og kostnað sem þingmenn höfðu látið skattgreiðendur greiða án þess að fótur væri fyrir því. Sum mál vöktu meiri athygli en önnur, til dæmis sú staðreynd að einn þingmanna hafði látið skattgreiðendur standa straum af kostnaði við þrifnað á síki á landareign sinni. Annar hafði sent þinginu reikning fyrir fuglaathvarf sem hann hafði látið byggja á lóð sinni.

Það sem kannski færri muna er að eftirmálin urðu ekki bara þau að þingmenn sögðu af sér í hrönnum eða tilkynntu að þeir myndu ekki sækjast eftir endurkjöri. Aldeilis ekki, fjórir þingmenn í neðri deild þingsins og tveir úr lávarðadeildinni voru dæmdir til fangelsisvistar fyrir fjársvik og falska reikningagerð. Athyglisvert er að rýna í þær fjárhæðir sem málið snerist um, en þar var um að ræða á bilinu eina til fimm milljónir króna að núvirði. Þingmennirnir sem um ræðir afplánuðu fangelsisdóma sem voru misjafnir að lengd, frá níu mánuðum og upp í átján.

Auðvitað er það svo að misnotkun opinbers fjár í eigin þágu er sérstaklega alvarlegt brot. Því er einstaklega undarlegt að fylgjast með því þegar þingmenn blása á gagnrýni er tengist kostnaði sem augljóslega er tilbúningur að stærstum hluta sem árásir frá „góða fólkinu“, eða reyna að réttlæta hið óréttlætanlega. Slík viðbrögð bera ekki vott um virðingu fyrir kjósendum eða almannafé.

Allir sem stigið hafa upp í bifreið vita að kostnaður sá er Ásmundur Friðriksson lét skattgreiðendur greiða vegna bifreiðar sinnar fær ekki staðist. Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur meira að segja reiknað út að Ásmundur hafi sennilega krafið þingið um vel ríflega tvöfalda þá fjárhæð sem það kostar að reka bílinn á ári, og er þá kostnaður vegna aksturs í eigin þágu ekki dreginn frá. Ásmundur hefur samkvæmt því í besta falli ofkrafið skattgreiðendur um ríflega tvær og hálfa milljón króna. Kannski geta lögfróðir skorið úr um hvort þetta teljist brot á hegningarlögum?

Ásmundur hefur nú lýst því yfir að hann hyggist héðan í frá ferðast á bílaleigubíl á vegum þingsins. Þetta er yfirbót sem gengur of skammt. Ásmundur á auðvitað að sjá sóma sinn í því að segja af sér og biðja kjósendur afsökunar. Að því loknu gæti hann beðið þess að málið hefði sinn gang í kerfinu.

Nú er áleitin spurning hvort akstur Ásmundar sé einangrað tilvik, eða einungis toppurinn á ísjakanum? Vonandi er það svo að hátterni Ásmundar sýni samstarfsfólk hans í þinginu í ósanngjörnu tortryggnisljósi. Eðlilegast og farsælast væri ef þingið og ráðuneytin hefðu frumkvæði að því að birta nauðsynlegar upplýsingar um þann kostnað sem þingmenn og ráðherrar varpa yfir á skattgreiðendur. Væntanlega er sá kostnaður að langstærstu réttlætanlegur.

Hin leiðin er sú að fjölmiðlar taki málin í sínar hendur og fari Krísuvíkurleiðina að þessum upplýsingum. Eitt er að minnsta kosti víst. Skattgreiðendur eiga rétt á að vita hvernig fé þeirra er varið.

**Athyglisvert er að rýna í þær fjárhæðir sem málið snerist um, en þar var um að ræða á bilinu eina til fimm milljónir króna að núvirði.**

Velkomin á borgarafund

Pírötum langar að bjóða íbúum á opna fundi til að heyra hugmyndir ykkar um framtíð sveitarfélagsins ykka.

Form fundanna er stutt erindi frá þingmanni Pírata og síðan verða opnar umræður.

Næstu fundir á höfuðborgarsvæðinu:



Bakarameistarinn í Mjódd
Fimmtudaginn 15. febrúar klukkan 16.30

Kaffi Laugalækur, Reykjavík
Fimmtudaginn 15. febrúar klukkan 20.00



Pallett Kaffikompaní, Hafnarfirði
Fimmtudaginn 15. febrúar klukkan 20.00

Bókasafn Kópavogs
Laugardaginn 17. februar klukkan 15.00

## Halldór




## Frá degi til dags

**Costco-áhrifin á krakkana**

**Venju samkvæmt á öskudegi skunduðu grímuklæddir krakkar út um allar trissur, í verslanir og fyrirtæki, og buðu söng gegn hóflegum nammiskatti. Verslanir hafa eðli málsins samkvæmt verið vinsælir viðkomustaðir enda helst að finna drjúgan nammilager þar. Það hlýtur svo að teljast skínandi dæmi um útsjónarsemi og hagsýni íslenskra barna að þau hugðust leggja leið sína í stórum hópum í Costco. Vegna þess einfaldlega að þar er allt afgreitt stærra, í meira magni og umfangi en gengur og gerist. Í stað þess að þræða fjölda verslana til þess að hálffylla poka af nammi reiknaðist krökkunum til að hægt væri að afgreiða málið snarlega í Garðabænum.**

**Draugagangurinn í Höfða**

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri bað Eyþór Arnalds um að víkja af fundi þingmanna með borgarfulltrúum í Höfða í fyrradag þar sem hann væri hvorugt, þingmaður eða borgarfulltrúi. Eyþór gantaðist með uppákomuna við Pétur Gunnlaugsson á Útvarpi Sögu í gær. Sagði að segja mætti að Dagur hefði hent sér út en það væri svo sem sagt að það væri draugagangur í Höfða. Pétur spurði hvort Dagur hefði haft lífverði eða útkastara sér til fulltingis en svo var ekki. Dagur lét að sögn Eyþórs duga að biðja hann kurteislega um að kveðja.**

thorarinn@frettabladid.is

# Kostir styttri vinnuviku



Ásmundur Einar Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra

Jákvæð reynsla vinnustaða sem gert hafa tilraun með að stytta vinnuvikuna hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum undanfarið. Velferðarráðuneytið hefur stýrt sambærilegu verkefni af hálfu hins opinbera. Efnt var til þess á grundvelli viljayfirlýsingar stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga ríkisins og aðildarfélaga BSRB haustið 2015. Stofnanirnar sem taka þátt í þessu verkefni eru Ríkisskattstjóri, Útlendingastofnun, Þjóðskrá og Lögreglustjórinn á Vestfjörðum.

Tilraunin er til eins árs og hófst síðastliðið vor með fækkun vinnustunda starfsfólks á þessum vinnustöðum úr 40 stundum í 36, án launaskerðingar. Markmiðið er að skoða hvort þetta leiði til gagnkvæms ávinnings starfsmanna og viðkomandi vinnustaða. Fyrir liggja erlendar rannsóknir, m.a. hjá nágrannaþjóðum, þar sem niðurstöður hafa annars vegar sýnt skaðleg áhrif af löngum vinnutíma og hins vegar að stytting vinnuvikunnar hafi jákvæð áhrif á líðan starfsfólksins og auki framleiðni.

Í verkefninu eru könnuð áhrif styttri vinnutíma á gæði og hagkvæmni þjónustu vinnustaðanna og áhrifin á líðan starfsfólksins og starfsanda. Til samanburðar eru sambærilegar mælingar gerðar á fjórum öðrum vinnustöðum með svipaða starfsemi þar sem vinnuvikan er 40 stundir.

Niðurstöður tveggja kannana og rýnihópa benda til mikillar ánægju með tilraunaverkefnið hjá þátttakendunum. Starfsánægja hafi aukist, líðan á vinnustað batnað, lífsgæði aukist og auðveldara sé fyrir starfsfólkið að samræma vinnu og einkalíf en á vinnustöðunum sem skoðaðir voru til samanburðar við mælingar sem gerðar höfðu verið á stofnununum fjórum áður en verkefnið hófst.

Samkvæmt áætlun lýkur tilraunaverkefninu vorið 2018 og ættu lokaniðurstöður að liggja fyrir næsta haust. Miðað við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir hefur stytting vinnuvikunnar jákvæð áhrif á starfsfólk og vinnustaði. Styttingin veitir fjölskyldum svigrúm til þess að eiga fleiri gæðastundir og slíkt hlýtur að hafa góð áhrif á þjóðfélagið í heild. Þótt við getum ekki alhæft út frá þessari tilraun virðast þessar vísbendingarnar nógu skýrar til þess að við verðum að halda áfram og skoða möguleikana á styttingu vinnuvikunnar af mikilli alvöru.

**Miðað við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir hefur stytting vinnuvikunnar jákvæð áhrif á starfsfólk og vinnustaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Minning frá Manchester

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Ég man ekki lengur hvort þau voru þrjú eða fjögur. Ég man bara að við grúfðum okkur yfir sársvangar súpuskálarnar og tókum varla eftir því þegar þau læddust inn í mötuneytið og byrjuðu að stilla hljóðfærin. Þetta var haustið 1971 í hádegisverðarhléi í félagsheimili stúdenta í Manchester.

Sá sem fór fyrir þeim ávarpaði okkur með þessum orðum: Okkur langar að fá að leika fyrir ykkur nokkur lög meðan þið sitjið að snæðingi. Ég heiti Paul McCartney og þetta eru félagar mínir í bandinu sem við stofnuðum í vor leið. Hófst síðan söngurinn. Við lukum súpunni. Íslendingarnir sátu jafnan saman við borð. Elztur og reyndastur í hópnum var Kjartan Thors jarðfræðingur. Söngurinn dugði varla til að létta grámyglu hversdagsins af sótsvartri iðnaðarborginni eða til að slökkva heimþrá stúdentanna.

Manchester var þá líkt og aðrar borgir Bretlands óhrein og óhrjáleg, ekki svipur hjá fyrri eða síðari sjón. Aldarfjórðungi eftir stríðslokin 1945 átti Bretland ennþá langt í land, einnig gömlu borgirnar Birmingham, Glasgow, Liverpool, Manchester o.fl., sem höfðu allar verið stórveldi á fyrri tíð. Reykjavík átti þá einnig langt í land. Malbikun gatna var skammt á veg komin. Braggar stríðsáranna settu mark sitt á bæinn öll mín uppvaxtarár þótt þeim hefði fækkað smám saman eins og Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur lýsir vel í bók sinni Undir bárujárnsboga.

Nú er Manchester mesta háskólaborg Evrópu á þann hátt að hvergi annars staðar eru fleiri stúdentar saman komnir á einum stað. Allt er breytt. Nú er nuddstofa í gömlu hagfræðideildinni við Dover Street þar sem áður var bókasafn.

**Ekki bara tónlist ...**

Ferill Pauls McCartney og félaga hans í Bítlunum 1960-1970 hafði verið ævintýralegur. Tónlist þeirra var fersk og frumleg og endurnýjunargleðin átti engan sinn líka. Sumir tónlistarmenn líta svo á að Igor Stravinsky, rússneska tónskáldið, hafi e.t.v. átt manna mestan þátt í að bjarga svo nefndri klassískri tónlist 20. aldar úr tröllahöndum þeirra sem sömdu helzt tónlist sem fáir vildu heyra. Sumir aðrir líta svo á að Bítlarnir hafi átt mikinn þátt í þessu. Þeir kynntu sér raftónlist og aðrar nýjungar, einnig indverska tónlist, og veittu henni inn í eigin verk. Þeir létu ekki þar við sitja. Þegar þeir héldu tónleika í Bandaríkjunum 1964-1966 mæltu þeir gegn stríðsrekstri Bandaríkjastjórnar í Víetnam, ekki að fyrra bragði, heldur með því að svara spurningum blaðamanna um málið án undandráttar. Það höfðu aðrir hryntónlistarmenn ekki gert fram að því, t.d. ekki Bob Dylan.



**... heldur einnig hugsjónir**

McCartney sagði frá því löngu síðar að til sín hefðu komið nokkrir Rússar eftir tónleika sem hann hélt á Rauða torginu í Moskvu 2003. Erindið var að þakka honum fyrir framlag hans og félaga hans til hruns kommúnismans þar eystra. Rússarnir sögðu honum upptendraðir að tjaldabaki frá hugguninni sem þeir höfðu sótt í að hlusta á smyglaðar bítlaplötur mitt í allri fátæktinni, spillingunni og vonleysinu á valdatíma kommúnista. Við vorum í viðbragðsstöðu þegar múrarnir hrundu 1989-1991, sögðu Rússarnir við McCartney. Ég hafði ekki hugsað út í þetta, sagði bassaleikarinn hrærður – hann sem hafði ort kvæði um upprisu blökkumanna í Bandaríkjunum í krafti mannréttindalaganna sem Lyndon Johnson forseti kom í gegnum þingið í Washington 1964-1965 og sungið kvæðið við fallegt lag sem hann samdi í anda Bachs.

Kvæðið heitir Svartfugl (Blackbird) og hljóðar svo í lauslegri þýðingu minni:

Svartfugl syngur dátt
 um dimma nótt
Brotnir vængir hefja þig til flugs
Allt þitt líf
hefur þú mátt þreyja
 og bíða þessa andartaks

Svartfugl syngur dátt
 um dimma nótt
Sokkin augu leyfa þér að sjá
Allt þitt líf
hefur þú mátt þreyja
 og bíða þess að verða frjáls

Fljúg svarti fugl, fljúg svarti fugl
beint inn í ljósið um
 biksvarta nótt

# Útvarp Reykjavík



Pálmi Guðmundsson
fjölmiðlafræðingur og dagskrárstjóri Sjónvarps Símans

Íslenskir fjölmiðlar, nýir og gamlir, eru allir að ganga í gegnum miklar breytingar í stafrænum heimi. Væntingar neytenda eru meiri en áður og neysluvenjur breyttar. Óbreytt er þó enn að ríkisstofnunin RÚV keppir af miklum þunga á auglýsingamarkaði og fyrirferð hennar veldur því að samkeppnisumhverfið er minni aðilum erfitt.

Almennt eru einungis tveir tekjustofnar tilteknir þegar fjallað er um fjármögnun RÚV: útvarpsgjald og auglýsingatekjur. RÚV er samt sem áður fjármagnað með fjölbreyttari hætti en það. Nefskattur skilar RÚV um fjórum milljörðum árlega og auglýsingar rúmlega tveimur milljörðum. Að auki fá úthýst sjónvarpsverkefni fyrir RÚV árlega um hundrað milljónir króna í styrki frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, endurgreiðslu frá ráðuneyti nýsköpunar og atvinnumála og reglulega styrki frá Nordisk TV & Film fund. RÚV fær enn fremur liðveislu frá EBU, innkaupasambandi norrænu sjónvarpsstöðvanna. Þá hefur Ríkisútvarpið selt myndefni, lóðir og leigt húsnæði, tæki og tól.

Fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði er mikil og verðmyndandi en heildarvelta stofnunarinnar er álíka og samanlögð ársvelta auglýsinga þriggja stærstu fjölmiðlafyrirtækja landsins. Eitt er að hafa RÚV án auglýsinga líkt og aðrar þjóðir í kringum okkur ákváðu að gera og annað að hófstilla umsvifin.

Eignarhald á fjölmiðlum tók miklum stakkaskiptum þegar tvö fjarskiptafélög höfu innreið sína á fjölmiðlamarkaðinn. Bæði félög eru í dreifðu eignarhaldi, þau eru að stórum hluta í eigu lífeyrissjóða landsmanna og skráð í Kauphöll Íslands.

Viðhorfsmælingar hafa sýnt að þjóðin vill öflugt RÚV og umræða sem þessi snýr ekki að því að veikja þessa mikilvægu og vinsælu stofnun. Nú eru helstu fjölmiðlar landsins að mestu komnir í eigu almennings og ekki lengur sérhagsmunamál fárra einstaklinga. Því höfum við aldrei fyrr haft betra tækifæri til að koma RÚV inn í nútímalegra rekstrarumhverfi en einmitt núna.

Með því að endurhugsa RÚV á auglýsingamarkaði má tryggja að þessi mikilvægi miðill geti einbeitt sér að því lögbundna hlutverki sínu, að reka fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu. Þar sem lögð er sérstök rækt við íslenska tungu, menningararfleifð og tengsl við almenning án þess að þarfir auglýsenda hafi þar nokkur áhrif. Brotthvarf eða takmarkanir á RÚV á auglýsingamarkaði myndi skapa stóraukið svigrúm fyrir fleiri fjölmiðla til að láta ljós sitt skína og þar með auka fjölbreytni í efnisvali og þjónustu fyrir fólkið í landinu.





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is

# Hver ber ábyrgðina?



Sirrý Hallgríms
ráðgjafi

Læsi er grundvallaratriði fyrir allt nám. Ef börn eiga að ná árangri á öðrum sviðum menntunar er nauðsynlegt að þau hafi náð góðum árangri í lestri og lesskilningi, um þennan þátt er ekki deilt.

Alþjóðlegar mælingar sýna að lesskilningur barna á Íslandi fer versnandi. Ég held að flestir hljóti að vera sammála um að áframhaldandi þróun í þessa átt sé ekki bara ávísun á efnahagsleg vandræði heldur er þessi þróun líka ógn við lýðræðið.

Hvernig eiga einstaklingar með slæman lesskilning að geta tekið upplýstar ákvarðanir þegar kemur að því að kjósa til Alþingis eða taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum sem dæmi? Þess vegna hefur áhersla á lestur í grunnskólum sjaldan verið mikilvægari.

Um síðustu aldamót þróaði Háskólinn á Akureyri nýja lestrarkennsluaðferð sem kallast byrjendalæsi. Þessi nýja aðferð við lestrarkennslu var innleidd í um helming allra grunnskóla á landinu og um helming grunnskóla í Reykjavík, samkvæmt upplýsingum frá Menntamálastofnun. Það hefur kannski ekki farið fram hjá mörgum að þessi ákvörðun er verulega umdeild. Vitanlega er erfitt að mæla svona hluti en sterkar vísbendingar eru um það að hin nýja aðferð sé ekki að skila betri árangri en sú sem áður var notuð, jafnvel að árangur hafi versnað þar sem aðferðin hefur verið tekin upp.

Það er risastór ákvörðun að breyta aðferð við lestrarkennslu, enda hefur það verulega áhrif á samfélagið okkar. Því verður að taka slíka ákvörðun að vel athuguðu máli á grundvelli prófana og ítarlegra rannsókna. Því verður vart trúað að slík ákvörðun hafi verið tekin hér í Reykjavík, án þess að fyrir lægju haldgóðar röksemdir og mælingar um að þessi aðferð væri að minnsta kosti jafn góð ef ekki betri en sú gamla.

**Hvernig eiga einstaklingar með slæman lesskilning að geta tekið upplýstar ákvarðanir þegar kemur að því að kjósa til Alþingis eða taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum?**

Spurningin er því þessi: Þegar þessi ákvörðun var tekin hvaða gögn, mælingar og rannsóknir lágu fyrir?

Þegar Menntamálastofnun upplýsti foreldra og starfsmenn grunnskólanna um að ýmislegt benti til að aðferðin skilaði verri árangri, hvernig var brugðist við þeim upplýsingum af hálfu borgarinnar?

PISA-prófin eru ekki mælikvarði á gæði skólastarfs og það er mjög varhugavert að fullyrða um skólastarfið almennt út frá PISA-rannsóknum en PISA mælir lesskilning sem er einn af grundvallarþáttunum í menntun barnanna okkar og þess vegna eigum við að taka niðurstöðurnar alvarlega.

Lestrarvandinn snýr samkvæmt mælingum fyrst og fremst að strákum. Um 30% drengja og um 14% stúlkna eiga í erfiðleikum með að ná tökum á læsi. Í ljósi þess að byrjendalæsi hefur verið innleitt í um helming skóla í Reykjavík þá rís sú spurning hvort það hafi verið kannað sérstaklega hvort byrjendalæsisaðferðin henti strákum.

Niðurstaðan úr nýjustu PISA-könnuninni er nánast sú sama í læsinu og var í PISA 2012. Í raun liggur fyrir að lesskilningi barna hafi hrakað jafnt og þétt frá árinu 2000. Það er því ótrúlegt að loksins núna, rétt fyrir kosningar, glitti í einhvers konar stefnu í menntamálum í Reykjavík. Ég vil leggja til að í þeirri stefnu verði ákvæði um að ekki verði teknar ákvarðanir um breytingar á kennsluháttum fyrir stóran hluta af skólakerfi borgarinnar án þess að það liggi fyrir rannsóknir sem bendi til þess að þær breytingar skili árangri. Við skuldum börnunum það.

# Um gæði nýju íslensku stjórnarskrárinnar – áttundi og síðasti hluti



David A. Carrillo
stjórnarskrársérfræðingur við lagadeild háskólans í Berkeley



Stephen M. Duvernay
stjórnarskrársérfræðingur við lagadeild háskólans í Berkeley



Brandon V. Stracener
stjórnarskrársérfræðingur við lagadeild háskólans í Berkeley

Hér birtist áttunda og síðasta greinin í röð greina eftir þrjá stjórnarskrársérfræðinga við lagadeild háskólans í Berkeley. Í dag gerum við grein fyrir niðurstöðum okkar varðandi stjórnarskrárferlið á Íslandi.

## Almenningur getur sett sér lög

Lög eru ekki annað en reglur sem þjóð setur sér sem ramma. Lög eru ekki náttúrulögmál, né heldur gjöf frá einhverjum löggjafa eða fjallkonunni. Gildi stjórnarskrár ræðst af því hvernig hún nýtist samfélaginu. Íslensk lög eru samin af almenningi og fulltrúum hans. Alþingi, stjórnlagaráð og kjósendur voru sammála um að stjórnarskránni þyrfti að breyta og að baki lá óskipt pólitískt afl þjóðarinnar. Ekki var neinnar frekari réttlætingar þörf, ekkert annað yfirvald þurfti til að leggja blessun sína þar yfir. Á þeirri stundu var þjóðin löggjafinn.

Stjórnlagaráðið á Íslandi er fágætt dæmi um endurskoðun stjórnarskrár á friðartímum. Sagan varðveitir fá sambærileg dæmi um að þjóð hafi lagst yfir stjórnarskrána til þess að endursemja hana. Yfirleitt líta stjórnarskrár dagsins ljós eftir stríð eða byltingu, enda hafa þjóðir ekki haft aðstöðu til þess að taka slíkar ákvarðanir á sögulegum tímum nema þegar þannig háttar til. Þetta gerðu Englendingar árið 1215; þetta gerðu Bandaríkjamenn árið 1776; Frakkar gerðu það 1789; og röðin kom að Rússum árið 1917. Þetta urðu merkar þjóðir. Vissulega kostaði þessi árangur baráttu, það er mergurinn málsins: Íslendingar endurskoðuðu stjórnarskrá sína á friðartímum og af yfirvegun. Þó sækja tvær spurningar á: eru stjórnarskrárdrögin fremri gömlu stjórnarskránni og er enn ráðrúm til þess að samþykkja frumvarpið?

## Betri en sú sem enn er í gildi

Með stjórnarskrárfrumvarpinu færist þetta þrennt til betri vegar: þjóðaratkvæðagreiðslur, aðskilnaður valds og skilvirkt ferli til breytinga.

Eins og málum er nú háttað hefur almenningur ekkert að segja um þau lög sem hann lýtur, hvorki áður en þau eru samin, né á meðan, né á eftir. Það eina sem er hægt að gera til að bregðast við ólögum er að bíða eftir kosningum, kjósa þann sem heitir breytingum, vona að hann nái kjöri og liggja á bæn um að loforðin verði efnd. Frumvarp að nýrri stjórnarskrá gerir ráð fyrir meiri þátttöku almennings við lagasetningu með því að kjósendum verður gert kleift að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um umdeild lög, og þá verður kjósendum kleift að leggja málefni beint fyrir Alþingi.

Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá hefur Alþingi nánast öll völd.

**Ef menn eru óánægðir og vilja breytingar nægir ekki að yppa öxlum og segja „þetta reddast“. Menn þurfa að taka frumkvæðið og láta hlutina gerast. Fyrsta skrefið felst í því að kjósa þá fulltrúa sem verja hagsmuni þjóðarinnar í raun.**

Ekki er aðskilnaður valds ríkisstjórnarinnar og er frelsið því í höndum Alþingis. Þessu er kippt í liðinn í nýju stjórnarskrárdrögunum með valddreifingu innan stjórnarinnar: þar er aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og stofnana hvors um sig og þar með er dómsvaldið óháð.

Það er ótrúlega flókið að breyta núgildandi stjórnarskrá. Það er svo dýrt að á sjötíu og þremur árum hefur hún aðeins einu sinni verið tekin til verulegrar endurskoðunar. Vitaskuld þarf stjórnarskrá að vera varanleg og traust, en þetta erfiða breytingarferli kemur nánast í veg fyrir breytingar. Stjórnarskrárdrögin nýju kveða á um aðgengilegra breytingarferli og þar eru stjórnarskrárbreytingar háðar þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar með næst betra jafnvægi milli stöðugleika og sveigjanleika en nú, ferlið er einfaldara og verður það Alþingi hvatning til þess að leita til almennings þegar stjórnarskrárbreytinga virðist þörf.

## Er stund stjórnarskrárinnar liðin?

Ekki nema þjóðin láti það viðgangast. Það er alltaf tímabært að minna stjórnina á hagsmuni þjóðarinnar. Láta menn vísvitandi það yfir sig ganga að stjórnin sé vanhæf þótt þeir hafi það í hendi sér að ráða bót á því? Það er ólíklegt. Þó sjáum við að Íslendingar eru þjakaðir: þeir sem við tókum tali kvarta undan því að alltaf séu sömu stjórnmálamennirnir við völd og að þar skiptist á hneykslismál og stjórnarkreppa. Reyndar sáum við tvær ríkisstjórnir falla og tvennar kosningar á einu ári. Úrslit kosninganna leiddu til svipaðra samsteypustjórna hægri og vinstri flokka og ámóta veikburða ríkisstjórna.

Þetta er þjóðinni í sjálfsvald sett. Erlendir fræðimenn sem skrifa greinar í dagblöð geta ekki bjargað Íslandi. Þeir geta bara vakið athygli á því sem hlýtur að blasa við hverjum manni. Ef menn eru óánægðir og vilja breytingar nægir ekki að yppa öxlum og segja „þetta reddast“. Menn þurfa að taka frumkvæðið og láta hlutina gerast. Fyrsta skrefið felst í því að kjósa þá fulltrúa sem verja hagsmuni þjóðarinnar í raun. Ekki kjósa aftur og aftur sömu flokkana sem hafa orðið til vandræða í tímans rás og þá frambjóðendur sem hunsa kröfur almennings um breytingar. Ef sömu frambjóðendur og sömu flokkar ná kjöri aftur og aftur má búast við fleiri hneykslum, stjórnarkreppu og kosningum að ári. Ef Íslendingar taka ekki til hendinni á Íslandi gerir það enginn fyrir þá og þá breytist aldrei neitt. Við höfum trú á íslensku þjóðinni. Látið nú til skarar skríða og fagnið þannig með viðeigandi hætti 100 ára fullveldisafmæli Íslands árið 2018.




ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

Aðalfundur Össurar hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5 í Reykjavík, fimmtudaginn 8. mars 2018 kl. 9:00.

Athygli hluthafa er vakin á því að í tengslum við sameiningu viðskipta með hlutabréf Össurar hf. í kauphöll Nasdaq Copenhagen þann 6. desember sl. var öllum hlutabréfum í Össuri hf. sem voru til viðskipta í Kauphöll Íslands umbreytt í hlutabréf í Össuri hf. sem eru til viðskipta í kauphöll Nasdaq Copenhagen.

Við umbreytinguna færðust hlutabréfin á safnreikning og nöfn hluthafa eru því ekki lengur skráð beint í hlutaskrá Össurar hf. Af þeim sökum þurfa þeir hluthafar, sem vilja virkja atkvæðisrétt sinn fyrir aðalfundinn, að hafa samband við þá fjármálastofnun sem er með hlutabréf þeirra í vörslu, sem allra fyrst.

Hluthafar geta nálgast dagskrá fundarins, fundargögn og nánari upplýsingar um aðalfundinn á heimasíðu Össurar hf.: www.ossur.com/investors/AGM

markhönnun ehf

# nettó



Helgarmáltíðin fæst hjá okkur

-30%

**SVÍNALUNDIR**
DC. FROSNAR.
**1.259 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.798 KR/KG~~



**NAUTAFILLE**
FERSKT
**3.814 KR/KG**
~~ÁÐUR: 4.768 KR/KG~~

-20%



**NAUTAHAKK**
FROSIÐ. 1000 GR.
**999 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.665 KR/KG~~

KJÖTSEL

-40%



KJÖTBORÐ

-30%

**1/2 KJÚKLINGUR**
450 GR. MARINERAÐUR.
**349 KR/STK**
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~



**LAXASTEIKUR**
Í MARINERINGU.
**1.974 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.598 KR/KG~~

-24%



**JARÐARBER**
250 GR.
**245 KR ASKJAN**
~~ÁÐUR: 489 KR/ASKJAN~~

-50%

**WC PAPPÍR**
16 RÚLLUR
**749 KR/PK**
~~ÁÐUR: 998 KR/PK~~




-25%

**ELDHÚSRÚLLA**
DAISY. JUMBÓ.
**374 KR/STK**
~~ÁÐUR: 499 KR/STK~~




-25%

nettó
Á NETINU

**Tilboðin gilda 15. - 18. febrúar 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is




Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 18. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



KRÓNAN
-25%
Krónan mælir með!
Lambalundir
3999 kr. kg
Verð áður ~~5399~~ kr. kg
Ungnautalund Nýsjáland stór
5999 kr. kg
Gott verð!
Label DANOIS
BERBERIE ANDEBRYST
Grísalundir
1699 kr. kg
Verð áður ~~1999~~ kr. kg
2999 kr. kg
Franskar Berberie andarbringur
Verð áður ~~3499~~ kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 18. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

# Mangó lax



Korter í 4

## Laxaflök beinhreinsuð

**2199** kr. kg

Verð áður ~~2499~~ kr. kg




+




+




Arna grísk jógúrt, 200 g

**235** kr. stk.

Gestus Mangó Chutney, 350 g

**319** kr. stk.

Gestus brún hrísgrjón, 750 g

**209** kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 18. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

**Krónan mælir með!**




Kjötkompaní Bolognaise, 750 g, fyrir 4

**1990** kr. stk.

Kjötkompaní hakk bollur, 1 kg, fyrir 4

**2990** kr. stk.

## Tilbúnir réttir fyrir 4




Kjötkompaní tilbúnir réttir, 1 kg, fyrir 4

**3990** kr. stk.

# Vatnsból í hættu



**Líf Magneudóttir**
forseti borgarstjórnar og oddviti Vinstri grænna

**Framkvæmdaleyfi línunnar byggir á umhverfismati sem er nær tíu ára gamalt og samkvæmt dómi Hæstaréttar uppfyllti matsferlið og umhverfisskýrslan sem lá framkvæmdunum til grundvallar ekki þann áskilnað sem gerður er í lögum um mat á umhverfisáhrifum.**

Við vitum öll að vatn er ein af okkar mikilvægustu auðlindum, undirstaða alls lífs á jörðinni og að án þess gætum við ekki lifað. Við sem búum á Íslandi njótum þeirra forréttinda að hafa aðgang að einna hreinasta og besta vatni í heimi. Því þurfum við að vera vakandi fyrir öllu því sem kann að hafa áhrif á vatnsból okkar, hafa með þeim reglulegt og virkt eftirlit og gera ríkar kröfur um að vernda grunnvatn vatnsverndarsvæða.

**Risaframkvæmd innan vatnsverndarsvæðis**

Um langt skeið hefur Landsnet verið að undirbúa lagningu háspennulína yfir vatnsverndarsvæði alls höfuðborgarsvæðisins, svokallaðrar Lyklafellslínu (Sandskeiðslínu 1). Slíkri framkvæmd fylgir stórfellt og óafturkræft rask og hættan á því að vatnsból okkar mengist getur orðið veruleg. Það er líka í andstöðu við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns en þar segir í 13. gr. um grannsvæði: „Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.“

Framkvæmdaleyfi línunnar byggir á umhverfismati sem er nær tíu ára gamalt og samkvæmt dómi Hæstaréttar uppfyllti matsferlið og umhverfisskýrslan sem lá framkvæmdunum til grundvallar ekki þann áskilnað sem gerður er í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það hlýtur því að vera ófrávíkjanleg lágmarkskrafa að nýtt umhverfismat fari fram fyrir nýjum línulögnum þegar vatnsvernd meirihluta landsmanna er í húfi.

Nú hafa öll nágrannasveitarfélög Reykjavíkur, sem fara með skipulagsvald á svæðinu, gefið út framkvæmdaleyfi, þrátt fyrir hávær mótmæli íbúa og umhverfisverndarsamtaka. Það segir sína sögu að nánast öll framkvæmdaleyfin hafa verið kærð.

**Óþörf stórframkvæmd**

Forsendurnar fyrir framkvæmdum háspennulínanna sem lengi hafa verið á teikniborðinu eru brostnar. Uppbyggingaráform um álbræðslu í Helguvík virðast hafa verið blásin af, engin stækkun hefur átt sér stað í Straumsvík og illa er komið fyrir kísilmálmverksmiðjunni í Helguvík. Fjölgun netþjónabúa virðist einnig vera fjarlægur draumur. Þá má nefna að Hverahlíðarvirkjun og Bitruvirkjun eru ekki lengur á dagskrá og ekki heldur stækkun Reykjanesvirkjunar og virkjun í Eldvörpum. Frá því að umhverfismatið var gert fyrir tæpum tíu árum hafa ný lög um náttúruvernd tekið gildi og einnig ný samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla fyrir höfuðborgarsvæðið. Þetta skiptir allt máli þegar málið er skoðað í dag í nýju ljósi.

Það liggur því í augum uppi að ekki þarf að ana að neinu í lagningu línanna. Í þessu máli þarf að gæta sérstakrar og fyllstu varúðar og aðhafast ekkert sem setur vatnsból okkar í hættu. Af framangreindu má sjá að gera þarf nýtt umhverfismat og endurskoða þetta mál heildstætt og frá grunni. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa allra þeirra sem drekka vatn úr Gvendarbrunnum að svo sé gert.

# Farveita og vatnsveita



**Sigurður Oddsson**
verkfræðingur

**Ekki að furða að í uppsiglingu sé nýr skattur til uppbyggingar innviða. Skattur sem sérstaklega mun leggjast á þá, sem verða svo ólánsamir að búa nálægt Borgarlínunni.**

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, kemst oft skemmtilega að orði, eins og t.d. að ekkert vit sé í að byggja mislæg gatnamót. Þau fyllist bara af bílum.

Í Fbl. 1. febrúar ber Hjálmar saman vatnsveitu Reykjavíkur og gatnakerfið, sem hann kallar farveitu. Í stuttu máli líkir hann ákvörðun um Borgarlínu við ákvörðun um byggingu vatnsveitu Reykjavíkur fyrir 110 árum.

Hjálmar tekur fram, að einhverjum kunni að finnast langsótt, að einkabíllinn sé eins og að bera vatn í fötum frá brunni inn í hús og Borgarlínan aftur á móti álíka framför og vatnsveitan var fyrir 110 árum.

Samanburðurinn er kannski ekki svo langsóttur verði haldið áfram að þrengja að og tefja bílaumferð, sem stíflast næstum alveg löngu áður en Borgarlínan kemur og svo alveg með Borgarlínunni. Þá munu margir nauðugir taka sér far með henni þrátt fyrir mikila tímasóun í ferðir til og frá stoppistöðvum Borgarlínu. Ekki að furða að í uppsiglingu sé nýr skattur til uppbyggingar innviða. Skattur sem sérstaklega mun leggjast á þá, sem verða svo ólánsamir að búa nálægt Borgarlínunni.

Sem betur fer voru þeir sem stjórnuðu bæjarmálum fyrir 110 árum ekki á sama plani og heimspekingurinn Hjálmar Sveinsson í dag, því þá hefðu þeir sagt: Það þýðir ekkert að leggja vatnsrör. Þau fyllast bara af vatni!

# Alþingi – Flokkslínur í atkvæðagreiðslum – Gamaldags pólitík



**Birgir Þórarinsson**
þingmaður Miðflokksins



Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, sbr. 48. gr stjórnarskrárinnar. Þegar þingmaður sest á Alþingi í fyrsta sinn skrifar hann undir drengskaparheit. Í drengskaparheitinu felst að þingmaður mun fylgja sannfæringu sinni í starfinu sem þingmaður. Það er ófrávíkjanlegur hluti af starfi þingmanns að greiða atkvæði um hin ýmsu mál; lagafrumvörp, breytingartillögur, þingsályktanir o.s.frv. Í atkvæðagreiðslum, sem og öðru í starfinu, gildi því að fylgja sinni sannfæringu. Það er alkunna í stjórnmálum á Íslandi að flokkslínur ráða för í meirihluta mála og einnig þegar greitt er atkvæði. Flokkslínan felur það í sér að þeir sem tilheyra ákveðnum stjórnmálaflokki segjast allir vera sömu skoðunar í málinu og greiða allir atkvæði með sama hætti; segja allir nei, segja allir já eða allir sitja hjá. Þá er stóra spurningin þessi; er flokkslínan sú sama og sannfæring þingmanna? Flestir sem fylgjast með stjórnmálum vita að svarið við þessu er oft á tíðum, nei. Þannig hafa sumir þingmenn greitt atkvæði með málum með „óbragð í munni“ eða með því „að kyngja ælunni“ eins og frægt er.

**Fyrirskipað að fella góð mál**

Í atkvæðagreiðslum við fjárlagafrumvarpið á Alþingi fyrir jól greiddu stjórnarflokkarnir; Sjálfstæðisflokkur, Vinstri grænir og Framsóknarflokkur, atkvæði gegn öllum breytingartillögum stjórnarandstöðunnar. Tökum dæmi: Flutt var breytingartillaga um að hækka barnabætur til þeirra sem lægstar tekjur hafa. Hún var felld af stjórnarflokkunum. Það er saga til næsta bæjar að Vinstri grænir hafi fellt tillögu um hækkun barnabóta. Það sama á við um Framsóknarflokkinn, sem gefur sig út fyrir að vera félagshyggjuflokkur. Annað dæmi: Undirritaður flutti breytingartillögu um að setja aukið fjármagn í tvöföldun Reykjanesbrautar innan Hafnarfjarðar, sem er brýnt umferðaröryggismál. Tillagan var fullfjármögnuð og fól ekki í sér aukinn halla á ríkissjóði. Tillagan var felld. Meðal annars af þingmönnum búsettum á Suðurnesjum og í Suðvesturkjördæmi. Allir hafa þessir sömu þingmenn talað fyrir mikilvægi þess að ráðast í þessa framkvæmd sem fyrst. Þeir gátu hins vegar ekki stutt málið, þó svo að þá hafi svo sannarlega langað til þess, vegna þess að þeim var fyrirskipað svo af flokksforystunni.

**Alþingi nýtur ekki mikils traust í störfum sínum meðal þjóðarinnar og er það fyrst og fremst stjórnmálamönnunum sjálfum að kenna. Ráðherrar sitja t.d. sem fastast þrátt fyrir að hafa brotið lög og kenna öðrum um ófarir sínar.**

**Brýnt að auka tiltrú á störfum Alþingis**

Alþingi nýtur ekki mikils traust í störfum sínum meðal þjóðarinnar og er það fyrst og fremst stjórnmálamönnunum sjálfum að kenna. Ráðherrar sitja t.d. sem fastast þrátt fyrir að hafa brotið lög og kenna öðrum um ófarir sínar. Flokkslína í atkvæðagreiðslum á Alþingi er gamaldags pólitík og ekki í anda nýrra og betri stjórnmála, sem þjóðin hefur kallað eftir. Miðflokkurinn hefur frá upphafi stofnunar lagt áherslu á að styðja góð mál hvaðan sem þau koma. Þannig studdi flokkurinn nokkrar af breytingartillögum ríkisstjórnarinnar við fjárlagafrumvarpið. Að styðja góð mál hvaðan sem þau koma er mikilvæg leið til aukinnar virðingar gagnvart störfum Alþingis og ekki síst sjálfsögð og eðlileg virðing gagnvart kjósendum, sem þingmenn eru kjörnir til að vinna fyrir.

# Skrópað í beinni útsendingu



**Teitur Atlason**
fulltrúi Samfylkingarinnar í Hverfisráði Vesturbæjar

**Hvorki aðalmaðurinn Marta Guðjónsdóttir né varamaðurinn Börkur Gunnarsson mættu. Þau skrópuðu. Sjálfsagt vegna þess að „báknið“ er svo þrúgandi. „Báknið“ borgar þeim reyndar laun fyrir að mæta á þennan mánaðarlega fund, en höldum því utan við að sinni.**

Hún var svolítið sérkennileg tillagan hennar Mörtu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um að sjónvarpa ætti öllu sem fer fram í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar. Ástæðan mun vera að Mörtu, sem borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, blöskrar meint ógagnsæi borgarkerfisins. Þetta er gott og blessað. Ég held reyndar (en þetta er bara mín tilfinning) að gagnsæiskrafa Mörtu eigi sér rót í almennri andúð Sjálfstæðismanna á „bákninu“ og útvörpun á fundum sé til þess gerð að hneyksla borgarbúa með því að varpa ljósi á „báknið“ og þær meinsemdir sem það nærir.

Þetta er reyndar stef inni í hægrinu þar sem „báknið“ er vont og meira og minna öll spekin að baki hægri pólitík vinnur að niðurrifi þess og sundurhlutun. Íslenska afbrigðið er svo að láta einhvern úr stuðningsklúbbi Sjálfstæðisflokksins fá hlutverkið sem rifið var af, sér til vegsemdarauka. Þetta er almannarómur og óþarfi að tíunda frekar.

Útvörpun eða sjónvörpun frá nefndum og ráðum Reykjavíkur er ekkert galin hugmynd. Núverandi kerfi er hefðbundið form þar sem efni fundanna er ritað niður eftir ákveðnum reglum og svo kvitta fundarmenn undir að rétt sé farið með. Vissulega má segja að þetta sé „gamaldags“ en ég held að þetta kerfi sé ekki ógegnsætt. Það er auðvelt að fletta upp fundargerðum og sjá um hvað var talað. Gamaldags? Já. En það er ekkert alltaf samhengi milli þess gamla og þess lélega. Heilinn í Kára Stefánssyni er sennilega ágætis dæmi um þá fullyrðingu.

Gefum okkur samt að tillaga Mörtu Guðjónsdóttur um útvörpun funda á vegum Reykjavíkurborgar hafi gilt í vetur og sé bara hin eðlilegasta. Þá hefðu borgarbúar upplifað í beinni útsendingu afar meinlega uppákomu á fundi Hverfisráðs Vesturbæjar, en ég á einmitt sæti í því ágæta ráði. Þá hefðu borgarbúar séð að mánaðarlegur fundur ráðsins í desember varð ógildur vegna þess að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins létu ekki sjá sig. Hvorki aðalmaðurinn Marta Guðjónsdóttir né varamaðurinn Börkur Gunnarsson mættu. Þau skrópuðu. Sjálfsagt vegna þess að „báknið“ er svo þrúgandi. „Báknið“ borgar þeim reyndar laun fyrir að mæta á þennan mánaðarlega fund, en höldum því utan við að sinni.

Í ljósi þessa tek ég heilshugar undir hugmyndir Sjálfstæðisflokksins um útvörpun á öllum fundum hjá öllum ráðum og nefndum á vegum Reykjavíkurborgar. Verði raunin sú er ég handviss um að inntak málflutnings borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins verði öllum borgarbúum ljóst. Það er tiltölulega einfalt. Þau eru á móti öllu sem meirihlutinn hefur fram að færa – jafnvel þó að þau séu í hjarta sínu sammála þeim. Þetta var inntakið hjá Davíð Oddssyni þegar hann ríkti yfir borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins illu heilli. Ekkert frumlegt og ekkert geðfellt en afar ómerkilegt.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 15. FEBRÚAR 2018



**Sólveig Einarsdóttir leikskólastjóri í Vinaminni ber FO-húfu auk annarra starfsmanna leikskólans og styrkir með því gott málefni er varðar mæður og börn.** →4



## Fágaður og fjölbreyttur

Jovan Kujundzic reynir að vera fágaður þegar kemur að klæðaburði og hugar að smáatriðunum um leið. →2

Hér klæðist Jovan Kujundzic skyrtu og peysu frá Boss. Bjartir litir eru í uppáaldi hjá honum, sérstaklega yfir sumartímann. MYND/STEFÁN




KONUDAGS-TILBOÐ

Á VÖLDUM BLÚSSUM

~~Fullt verð: 9.990 kr.~~
Tilboðsverð: 6.990 kr.

comma,

SMÁRALIND

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Fatastíll hins 23 ára gamla Jovan Kujundzic er mjög fjölbreyttur að eigin sögn. Hann segist helst sækja innblástur til Ítalíu, reyna að vera fágaður og huga að smáatriðum á sama tíma. „Að öðru leyti er fatastílinn hjá mér voðalega fjölbreyttur, allt frá jakkafötum yfir í rifnar gallabuxur og hettupeysur.“

Jovan stundar nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og starfar með skóla í Boss búðinni í Kringlunni. Hann segist ekki eiga sér neinar sérstakar fyrirmyndir þegar kemur að klæðaburði heldur reynir hann einfaldlega að fylgja nýjum straumum og stefnum hjá ólíkum aðilum. „Hins vegar vinnur maður með algjörum fagmönnum í Boss búðinni sem maður lítur alveg upp til. Enda hafa þeir starfað í þessum bransa í fjölmörg ár og vita alveg þeir eru að segja.“

Áhugi hans á tísku hefur ávallt verið til staðar segir hann. „Það má þó segja að hann hafi aukist töluvert undanfarin ár, sérstaklega eftir að ég byrjaði að starfa við þetta. Ég fylgist ágætlega með tískunni, þá helst gegnum GQ og Instagram.“ Utan námsins og tískunnar eru helstu áhugamál Jovans íþróttir, tónlist og ferðalög.

## Mikið fyrir bjarta liti

Eðlilega er Boss búðin, vinnustaður hans, í uppáhaldi en hann segist einnig kaupa aðeins af fötum í Herragarðinum. „Svo finnst mér mjög jákvætt að sjá hvað íslensk fatamerki eru farin að gera það gott á alþjóðlegum vettvangi. Það er margt spennandi í gangi hérna heima þegar kemur að fatahönnun en það hefur ekki alltaf verið þannig.“

Með svo fjölbreyttan fataskáp verður útkoman líka fjölbreytt þegar Jovan fer út á lífið. „Það er mjög mismunandi hvernig ég klæði mig þá. Stundum fer ég í jakkafötum og skyrtu, í öðrum tilvikum í jakka, gallabuxum og skyrtu eða jafnvel í óformlegri klæðnaði. Það fer í raun og veru eftir tilefni og eftir því hvernig stuði maður er í. Ég geng mjög mikið í bláum og dökkum litum dagsdaglega. Hins vegar er ég mikið fyrir bjarta liti eins og vínrautt, grænt og appelsínugult og þá sérstaklega yfir sumartímann.“

## Strigaskórnir skipta máli

Honum finnst samfélagsmiðlar og aukinn hnattrænn áhugi á tísku hafa haft jákvæð áhrif á klæðaburð ungra karla. „Mér finnst ungir menn meira farnir að vera meðvitaðir um það hvernig þeir klæðast en áður. Það mætti þó segja að strigaskórnir væru eitt það helsta sem menn spá í enda vilja sumir meina að skórnir séu það mikilvægasta við heildarútlitið.“

Jovan er hálfnaður í BSc-námi sínu í ferðamálafræði og stefnir fyrst og fremst á að klára námið. „Að því loknu er stefnan sett á mastersnám, jafnvel erlendis. Fyrir utan skólagönguna er lítið annað planað nema að taka lífinu ekki of alvarlega, takast á við nýjar áskoranir og njóta þess sem maður gerir hverju sinni.“

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?* Það eru Timberland skór sem ég keypt fyrir nokkrum árum. Ég nota þá gjarnan í útivist og tengda hluti enn þann dag í dag.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Uppáhaldsverslunin hérna heima er Boss búðin en annars kaupi ég voða lítið af fötum í útlöndum.

*Áttu þér eina uppáhaldsflík?* Ég get nú ekki sagt það en ef ég ætti að velja eitthvað ákveðið þá væru það líklega hvítu Boss strigaskórnir mínir. Ég nota þá alveg út í eitt.

*Bestu og verstu fatakaup þín?* Ætli fjólublár flauelsjakki sem ég keypti í Boss búðinni sé ekki ofarlega á listanum. Hins vegar get ég ekki munað í fljótu bragði eftir neinum fatakaupum sem ég hef orðið ósáttur við.

*Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?* Já, það myndi ég nú segja. Sérstaklega þar sem ég starfa í þessum bransa. Þá er eðlilegt að ég kaupi mér aðeins meira af fötum heldur en jafnaldrar mínir gera.

*Notar þú einhverja fylgihluti?* Ég nota ávallt úr og í flestum tilfellum líka armbönd.

> **Það er margt spennandi í gangi hérna heima þegar kemur að fatahönnun.**



**Hér klæðist Jovan leðurjakka frá Boss, Ralph Lauren peysu, bol og buxum frá Boss og litfögrum Adidas skóm úr Footlocker.** MYNDIR/STEFÁN KARLSSON



**Dökku jakkafötin eru frá Sand. Skyrtan, bindið og skórnir eru frá Boss en frakkinn er frá Armani.**









**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,


VETRAR VIKA
25% af öllum barna vetrarfatnaði
Keilir lúffur
Verð kr. 2.092.-
Áður 2.790.-
Keilir snjóbuxur
Verð kr. 6.742.-
Áður 8.990.-
Keilir vetrarúlpa
Verð kr. 8.992.- Áður 11.990.-
Keilir snjógalli. Verð kr. 11.243.-
Áður 14.990.-
ICEWEAR
ICEWEAR
ICEWEAR
ICEWEAR
Brekka eyrnaband
Verð kr. 1.042.-
Áður 1.390.-
Brekka húfa
Verð kr. 1.267.-
Áður 1.690.-
Elmar lopapeysa. Verð kr. 6.742.-
Áður 9.990.-
Straumnes
lambhúshetta
Verð kr. 1.492.-
Áður 1.990.-
Straumnes
undirbuxur
Verð kr. 2.992.-
Áður 3.990.-
Berg flíspeysa
Verð kr. 4.492.-
Áður 5.990.-
Berg flísbuxur
Verð kr. 3.742.-
Áður 4.990.-
Straumnes
undirbolur
Verð kr. 3.367.-
Áður 4.490.-
Kamik Snowtrax barnastigvél
Verð kr. 7.117.- / 5.993
Áður 9.490.-/ 7.990
Kamik Snobuster
barnastigvél
Verð kr. 10.493.-
Áður 13.990.-
Kamik Indiana barnaskór
Verð kr. 9.743.-
Áður 12.990.-
ICEWEAR ICELAND
ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA
VERSLANIR ICEWEAR
REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 • VESTURGATA 4 • ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 • LAUGAVEGUR 1 • LAUGAVEGUR 91 OUTLET • FÁKAFEN 9 OUTLET
GARÐABÆR MIÐHRAUN 4 • AKUREYRI HAFNARSTRÆTI 106 • VÍK Í MÝRDAL AUSTURVEGUR 20 • VESTMANNAEYJAR BÁSASKERSBRYGGJU 2

# Starfsfólk leikskóla skarta UN Women húfum

**Starfsfólk í leikskólanum Vinaminni í Asparfelli er duglegt við að styrkja hin ýmsu félög ár hvert. Að þessu sinni fékk UN Women á Íslandi að njóta afraksturs og starfsfólkið fékk hlýjar húfur.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Sólveig Einarsdóttir leikskólastjóri segir að skólinn hafi keypt 25 húfur sem merktar eru FO eða Fokk ofbeldi. Þetta er þriðja árið sem UN Women selur slíkar húfur til styrktar konum víða um heim sem hafa þurft að þola ofbeldi, meðal annars í Írak, Palestínu og Simbabve. Húfan hefur alltaf selst mjög vel hér á landi.

Starfsmenn Vinaminnis nota húfurnar við útiveru með börnunum enda er hún hlý og góð í vetrarkuldanum sem nú gengur yfir landið. Sólveig segir reyndar að börnin hafi ekki getað verið mikið úti síðustu daga vegna veðursins. Hins vegar var mikið partí í leikskólanum í gær, börn og starfsmenn í búningum og það var dansað og sungið. „Það var mikill spenningur hjá börnunum að slá köttinn úr tunnunni og skapaðist virkilega góð stemming,“ segir hún.

„Okkur fannst þetta málefni UN Women mjög þarft og vildum styrkja það,“ segir Sólveig. „Við höfum áður til dæmis styrkt langveik börn og fleiri samtök sem styðja við börn. Allir starfsmenn fengu húfurnar og þær koma að góðum notum. Við getum síðan notað húfurnar síðar til að tala um málefnið. Krakkarnir voru mjög spenntir þegar mynd var tekin af okkur með þessar húfur og fylgdust vel með því. Við notum húfurnar í starfinu og einnig í og úr vinnu,“ segir Sólveig en umhverfis hana voru hlátrasköll og glaðværð þegar við slógum á þráðinn til hennar í gær. Vinaminni er einkarekinn leikskóli en skólinn leggur áherslu á að styðjast við góða og gilda hugmyndafræði í leik og starfi.

Ofbeldi gegn konum og stúlkum er útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum í dag en konur úr ólíkum stéttum hafa stigið fram hér á landi og víðar um heiminn og lýst kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og misbeitingu valds sem þær hafa upplifað. Kynbundið ofbeldi er heimsfaraldur sem þrífst í öllum samfélögum heimsins og innan allra stétta, segir í tilkynningu frá UN Women.



Starsfólk leikskólans Vinaminni í Asparfelli með FO-húfurnar en með því að kaupa þær styrkja þau gott málefni.



Sólveig Einarsdóttir, leikskólastjóri hjá Vinaminni.

Fokk ofbeldi húfan kostar 4.500 krónur en hún er framleidd í takmörkuðu upplagi. Nánar má kynna sér verkefnið á heimasíðunni unwomen.is




# Beint í hjartastað

**Konudagurinn er á sunnudag og þá er til siðs og fagurt tilefni að dekra við konur og færa þeim heillandi glaðning.**

Margir gefa blóm og konfekt, sem eru sígildar og sannar konudagsgjafir, en kvenlegar, persónulegar gjafir eru viðeigandi á konudaginn og hitta konuna í hjartastað ef valið er af gaumgæfni. Aðlaðandi er konan ánægð og því er alltaf í móð að gefa konu fallega flík, skó eða fylgihluti, og eins dýrindis ilm eða skart. Mestu skiptir þó að gefa sjálfan sig í konudagsgjöf; tíma, gleði, ást og athygli, og tala frá hjartanu til að virða tímans þunga nið. Þannig upplifir konan sig dýrmæta, mikilvæga og elskaða.



Vettlingar, húfa og trefill eru hugulsöm gjöf í vetrarkuldanum.



Varalitur er rómantísk gjöf sem líka kemur að góðum notum.



Unaðsleg og þokkafull angan hittir alltaf í mark.



Gullfallegir eyrnalokkar gleðja allar konur, eins og flestallt skart.













ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# Konukvöld

Opið til 22 í Kringlunni

# 30-50% afsláttur

af völdum vörum **dagana 15-18. febrúar í Kringlunni og á Glerártorgi**




























Tískuhús Zik Zak www.Facebook.com/zikzakkringlan Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Gegnsætt fjaðurmagnað og flögrandi í sumar

Frá því í haust hefur það verið í deiglunni hvað verður raunverulega það heitasta eða svalasta að klæðast í sumar. Nú eru tískulínur teknar að skýrast og nokkrir þræðir virðast ætla að vera gegnumgangandi þegar sól hækkar á lofti.



Fjaðrafok. Stórar og flögrandi strútsfjaðrir taka flugið í sumar eins og sjá má á þessari þægilegu flík frá Caroline Herrera.

Victoria Beckham veðjar á ljósfjólubláan lavender sem næsta tískulitinn.

Við hér á Íslandi, þar sem rignir bróðurpart sumars, getum sannarlega fagnað sumartískunni þar sem ýmiss konar vatns - og vindheldur glamúr er í kortunum.

Gúmmí er ekki bara fyrir stígvél og uppþvott. Klæðilegir galakjólar úr hreinu gúmmíi eiga örugglega eftir að slá í gegn á útihátíðunum, sérstaklega í rigningu og roki og passa fáránlega vel við gegnsæja plastskó, hanska, töskur og hettur sem líka sáust (eða ekki) á tískusýningarpöllunum. Syngjum saman í regninu.

Í öðrum gagnsæjum fréttum er það helst að fallegar nærbuxur eiga erindi við alla. Fendi lagskipti gagnsæjum efnum á sýningu sinni og þar með sáust nærbuxurnar eins og óvart en samt ekki en Adam Selman lét skína í perlustrengi undir hálfgagnsæjum kjól. Nærbuxurnar sem svo eru til sýnis eru almennt frekar efnismiklar og ekki verra ef þær ríma við brjóstahaldara og sokka sem jafnvel gæti glitt í líka með góðum vilja.

Litirnir í sumar verða ljósfjólublár og hvítur annars vegar fyrir þá sem vilja hafa það náðugt en sterkir bleikur og rauður grípa augað hvert sem litið er að mati Coach 1941, Brandon Maxwell og Oscar de la Renta. Það er gaman að segja frá því að af tómri tilviljun var þessi litasamsetning kynnt í öllum betri verslunum og tískuvikum í tæka tíð fyrir Valentínusardaginn í gær.

Buxnadragtir virðast vera mikið teknar á tískupöllunum enda bæði þægilegar og klæðilegar og dökk gallaefni eru einnig að koma aftur, bæði í buxum og jökkum. Köntuð hálsmál klæða flesta og í sumar má finna þau í öllu, allt frá hvítum stuttermabolum yfir í glæsilega kokteilkjóla, segja fulltrúar tískuhúsa þeirra Carolina Herrera, Christian Dior og Rodarte.

Flestir leita í blómamynstur þegar sól hækkar á lofti en doppur verða klárlega í öðru sæti. Svarthvítar doppur verða í aðalhlutverki en einnig má sjá alls kyns doppur á svörtum eða hvítum grunni.

Þá munu stórar og flögrandi strútsfjaðrir taka flugið í sumar, um það eru tískuhús Saint Laurent og Maison Margiela sammála.

Og fleira flögrar. Kögrið er hvergi bangið þessa dagana og nú er ekkert verið að vesenast með að sauma það á, ef þú vilt kögur þarf helst að líta út fyrir að þú hafi bara ekki staðist mátið og klippt sundur fötin þín. Monse-hönnunarteymið sem tók saman fyrir þremur árum og hefur gert garðinn frægan með klæðilegum kvenfatnaði lét sitt ekki eftir liggja þegar kögrið var annars vegar á tískuvikunni í New York á dögunum.

Það verður því auðvelt að finna glæsileikann í rigningunni í sumar.



Köntuð hálsmál klæða flesta og í sumar má finna þau í öllu, frá hvítum stuttermabolum yfir í glæsilega kokteilkjóla eins og þennan frá Adeam.



Fallegar nærbuxur eiga erindi við alla. Fendi lagskipti gagnsæjum efnum á sýningu sinni í haust og þar með sáust nærbuxurnar.



Meg Ryan mætti í þessari glæsilegu snjóhvítu buxnadragt á sýningu hjá Christian Siriano á tískuvikunni í New York á dögunum.









NÝ GERRY WEBER
BASIC LÍNA
10% afsláttur í febrúar
Klassískur einfaldleiki hentar jafnt í vinnuna
- veisluna og ýmsa viðburði
Jakkar - buxur - pils - kjólar, mörg snið 100% krumpufrítt,
BUXUR - BUXUR
GERRY WEBER - GARDEUR - BETTY BARCLAY
Mörg snið
sem passar hverri konu
BERNHARÐ
LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Hártískan sem allir vilja gleyma

**Það getur verið erfitt að horfa á tískuna breytast, en ef maður lítur aftur til byrjunar aldarinnar er augljóst hvað hártískan hefur gjörbreyst og ekki síst að sumar tískubylgjur eru best geymdar í minningunni.**

Það er algengt að fólk líti til baka til að fá innblástur þegar kemur að tísku og þó að við hugsum oft til fyrri tíma með hlýju og getum tengt ýmislegt frá byrjun aldarinnar við skemmtilega nostalgíu eldast sumar tískubylgjur svo geysilega illa að þær mega endilega heyra sögunni til.

Dæmi um það er hártískan frá þessum tíma, þar sem öll áherslan var lögð á strípur. Algengir fylgihlutir með þessari hártísku voru glæsilegir munir eins og fiðrildahárklemmur, stórir eyrnalokkar, prjónar í hárið og þröngar hálsfestar. Ef það er satt að tískan fari alltaf í hringi ættum við hugsanlega að sleppa þessari tísku þegar við klárum næsta hring.


Strákarnir í Westlife töldust glæsilegir á sínum tíma.


David Beckham með eftirminnilega glæsilegt hár. Takið eftir skegginu.


Idol-stjarnan Kelly Clarkson rokkaði strípurnar, mjóu augabrúnirnar og þröngu hálsfestina.


Christina Aguilera var alltaf ófeimin, þar á meðal við strípurnar. MYNDIR/ NORDICPHOTOS/GETTY


Justin Timberlake átti vandræðalegt tímabil á yngri árum.


Victoria Beckham hefur alltaf verið tískutákn, af augljósum ástæðum.


Ronan Keating bræddi mörg hjörtu með þessum bláu augum og ljósu strípum.


Raunveruleikasjónvarpsstjarnan Nicole Richie með óraunverulegt hár.


Nick Carter tók sinn eigin snúning á strípuðu og stífgeluðu hári.



"Betri" gallabuxur í vinnuna

Verð 12.900 kr.
- 3 litir
- stærð 36 - 52
- stretch
- skálmasnið regular og slim
- 3 síddir

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

LANCÔME
PARIS




# AÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR KONUNA Í LÍFI ÞÍNU.

## La vie est belle

ILMUR HAMINGJUNNAR FRÁ LANCÔME.

Rósin er tákn LANCÔME og því fylgir palettan LA ROSE sem kaupauki með hverjum La vie est Belle 50 ml ilmi meðan birgðir endast á næsta útsölustað Lancôme. Pallettan er með 6 fallegum augnskuggum, tveimur möttum varalitum og varaglossi sem má nota eitt sér eða með varalitunum.



# Bond-stúlka út á útlitið



Leikkonan Jane Seymour á afmæli í dag og fagnar 67 ára aldri.

Leikferil sinn hóf hún árið 1970 en sló fyrst í gegn þremur árum seinna sem Bond-stúlkan Solitare í myndinni Live and let die. Í kjölfarið lék Seymour í fjölda kvikmynda en árið 1990 sló hún í gegn sem Dr. Quinn í samnefndri sjónvarpsseríu sem gekk til ársins 2001. Hún hélt sig við sjónvarpshlutverkin og lék meðal annars í Smallwille og Modern men. Þá tók hún að sér ýmis gestahlutverk, meðal annars í þáttunum How I met your mother.

**» Jane þykir hafa afar fágaðan stíl og hennar helsta einkenni er síða hárið.**

Jane þykir hafa afar fágaðan stíl og hennar helsta einkenni er síða hárið. Hárið hefur hún aldrei klippt stutt allan sinn feril og hefur grínast með það í viðtölum að útlit hennar hafi haft sitt að segja þegar hún landaði hlutverkum. Til dæmis hafi leikhæfileikar hennar ekki orðið til þess að hún fékk hlutverk Bond-stúlkunnar Solitare á sínum tíma.

Auk leikferilsins hefur Jane skrifað sjálfshjálparbækur en hún er fjörgift og fjögurra barna móðir.



Jennifer virðist ekki vera heppinn í ástarmálum.

# Krísa hjá Jennifer

Tveimur og hálfu ári eftir að Jennifer Aniston giftist Justin Theroux virðist vera komin upp krísa í sambandinu. Hjónin búa hvort í sinni íbúðinni, hún í Los Angeles en hann í New York. Þegar Jennifer hélt upp á 49 ára afmæli sitt á sunnudag, 11. febrúar, var Justin fjarri veisluhöldunum. Í staðinn hélt hún upp á afmælið með nánum vinum, meðal annars leikkonunni Courteney Cox úr Friends-þáttunum.

Reyndar var kominn einhver brestur í sambandið fyrir jólin en fréttir sögðu frá því að Justin hefði stormað frá heimili þeirra hjóna fyrr í haust og bókað sig inn á lúxushótel. Viku fyrir afmæli Jennifer sáust hjónin saman í Mexíkó og töldu þá margir að þau væru að reyna að lappa upp á hjónabandið. Þau reyndust þó ekki tvö því nokkrir vinir þeirra voru með í för. Ískalt andrúmsloft virtist á milli þeirra. Jennifer og Justin gengu í hjónaband í ágúst 2015.



Mittistöskur eru vinsælar í dag.

# Handfrjáls búnaður á dansgólfið

Mittistaskan eða pyngjan er áberandi í háborgum tískunnar þessa dagana. Þetta þarfaþing var eitt sinn besti vinur ferðamannsins en þótti til skamms tíma ekki með því svalasta enda yfirleitt ekki í fínlegra lagi. En nú er pyngjan orðin tískulegri enda þægilegasta nauðsynjahirsla sem hægt er að hugsa sér. Pyngjuna er bæði hægt að spenna um mittið og sveifla yfir öxlina, hún er í ýmsum stærðum, allt frá því að rúma bara kreditkort, síma og varalit og yfir í sæmilegasta púða en hvort sem pyngjan er stór eða smá er handfrelsi málið þessa dagana. Nú er lokið öllum áhyggjum af því að týna töskunni eða að allt hrynji úr vösunum þegar þú stekkur út á dansgólfið.


GLAMOUR.is



KOMDU Í ÁSKRIFT Á GLAMOUR.IS



Vertu með puttann á púlsinum og fylgstu með Glamour á netinu og á samfélagsmiðlum.

TÍSKUFRÉTTIR *á hverjum degi*





**Á VEFSÍÐU GLAMOUR** má finna fréttir úr tísku- og snyrtivöruheiminum, myndaþætti og áhugaverðar umfjallanir.



FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland · Instagram – @glamouriceland #glamouriceland
Twitter – @glamouriceland #glamouriceland · Snapchat – Glamour Iceland

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**






BRAUT BÍLASALA



**NÝR BÍLL.**
Tilboðsverð aðeins kr 3,290,000.- SSANGYONG Tivoli dlx 4x4 7" skjár og bakkmyndavél nýr bíll. Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Rnr.104955.



**NÝR BÍLL.**
Tilboðsverð aðeins kr 3,290,000.- SSANGYONG Tivoli dlx 4x4 7" skjár og bakkmyndavél nýr bíll. Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Rnr.104940.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

### Bílar til sölu



**FORD DÍESEL 2005**
Ford Ranger doublecab,góð dekk,skoðaður 19" verð 690þ. Uppl. 820-5181



Cadillac Escalade 2002 Svartur, ekinn 130þ.mílur, verð 1.250þ. Uppl.820-5181

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!**
Kauptu beint frá Þýskalandi. Við aðstoðum þig. Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is s. 863 4449.Ath takmarað magn.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér ýmisskonar húsaviðhald. Uppl. 8478704 eða manninn@hotmail.com

### Múrarar

**MÚRARAR**
Getum bætt við okkur stórum og smáum verkefnum strax. Allt almennt múrverk.

Flotun, flísalagnir, steypuvinna og.fl. Fagmenntaðir Íslenskir fagmenn
**PG-JG Verktakar Jón Gunnar 867-6698 Þorvarður 892-6101**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.








**Honda CR-V Executive dísel**

Flottasta útfærslan af CR-V, nýskráður 5/2016, ekinn 10 þús.km, dísel, sjálfskiptur, leðurinnrétting, glerþak, lyklalaust aðgengi, leiðsögukerfi og margt fleira. Verksmiðjuábyrgð til 5/2019!

**Tilboð kr. 5.590.000**

Ásett verð kr. 5.990.00





**Honda CR-V Elegance**

Nýskráður 9/2014, ekinn 45 þús.km, bensín, sjálfskiptur, einn eigandi, fjórhjóladrifinn og tilbúinn í veturinn.

**Verð kr. 3.690.000**





**Honda CR-V Elegance**

Nýskráður 11/2007, ekinn 166 þús.km, bensín, beinskiptur, Einn eigandi frá upphafi. Góð þjónustusaga.

**Verð kr. 1.190.000**





**Nissan Navara 4WD double cab at le**

Nýskráður 4/2007, ekinn 186 þús.km, dísel, sjálfskiptur, Nýbúið að yfirfara og ryðverja grind hjá umboði.

**Verð kr. 1.650.000**

**Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

MOTTA

**SÖLUMAÐUR ÓSKAST**
Óskum eftir sölumönnum í áhugavert verkefni. Góðir tekjumöguleikar / árangurstengd laun.

Áhugasamir sendi inn fyrirspurn á motta@motta.is eða í s:8691526

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

**SMÍÐAVINNA!**
Getum bætt við okkur verkefnum. Fjölbreytt vinna. Uppl. í s. 899 4819

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444








Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

GLÆSILEG 2-3 HERB. ÍBÚÐ Á EFTIRSÓTTUM STAÐ - SÉRINNGANGUR!




OPIÐ HÚS! Í dag milli kl.18:00 og 18:30

**Langamýri 26, 210 Garðabæ**

Um er að ræða rúmgóða 80,2 fm íbúð á 2.hæð fyrir miðju húsi með sérinngangi. Fallegar innréttingar, hátt til lofts, opið eldhús og stórar grill vestur svalir. Búið er að útbúa sér risherbergi sem getur nýst sem barnaherbergi. Sér geymsla með glugga á jarðhæð. Sjón er sögu ríkari. **Ásett verð aðeins kr. 38,7 millj.**

**Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2017/2018 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 604, 3. júlí 2017

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Kaldrananeshrepp (Drangsnes)**

**Sveitarfélagið Skagafjörð (Hofsós)**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna i neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 160/2018 í Stjórnartíðindum

**Sveitarfélagið Árborg (Stokkseyri og Eyrarbakki)**

**Sandgerðisbær**

**Sveitarfélagið Vogar**

**Strandabyggð (Hólmavík)**

**Blönduósbær (Blönduós)**

**Fjarðabyggð (Mjóifjörður og Stöðvarfjörður)**

**Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2018.

*Fiskistofa*, 14. febrúar 2018 .

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR



SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

EYJALIND GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



Það hefur gengið illa hjá Keflavík eftir að landsliðsmaðurinn Hörður Axel Vilhjálmsson sneri aftur úr atvinnumennsku í Kasakstan. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sláturhúsið stendur ekki undir nafni

**Keflavík hefur tapað síðustu sjö heimaleikjum sínum. Keflvíkingar hafa valdið miklum vonbrigðum í vetur og eiga á hættu að missa af sæti í úrslitakeppninni í fyrsta sinn. Keflvíkingar eru með lélegustu heimavallarvörn deildarinnar.**

**KÖRFUBOLTI** Sú var tíðin að karlalið Keflavíkur í körfubolta var erfitt heim að sækja. Það er ástæða fyrir því að íþróttahúsið á Sunnubraut 34 fékk viðurnefnið Sláturhúsið. Þar fengu gestaliðin að finna til tevatnsins. En ekki lengur.

Keflavík hefur tapað síðustu sjö heimaleikjum sínum; sex í Domino's-deildinni og einum í Maltbikarnum. Keflvíkingar hafa aðeins unnið þrjá af níu heimaleikjum sínum í Domino's-deildinni í vetur. Aðeins botnliðin tvö, Þór Ak. og Höttur, hafa unnið færri heimaleiki en Keflavík. Keflvíkingar hafa hins vegar verið fínir á útivelli í vetur og unnið fimm af níu leikjum sínum þar.

Vörnin hefur verið aðalvandamál Keflavíkur í heimaleikjum vetrarins. Ekkert lið hefur fengið á sig fleiri stig að meðaltali í heimaleikjum sínum en Keflvíkingar, eða 90,2 stig. Í tapleikjunum sjö, sem fyrr var getið, fékk Keflavík fimm sinnum á sig 90 stig eða meira.

Sóknarleikurinn hefur að mestu verið góður en aðeins Haukar og Tindastóll skora meira að meðaltali á heimavelli en Keflavík.

Keflvíkingar hafa verið afar seinheppnir með bandaríska leikmenn í vetur og hafa haft alls fimm slíka.

## Heimavallarvandræðin í tölum

### Síðustu sjö heimaleikir

| | | |
|---|---|---|
| Keflavík | 88 - 97 | Tindastóll |
| Keflavík | 85 - 102 | KR |
| Keflavík | 81 - 92 | Stjarnan |
| Keflavík | 74 - 83 | Haukar (bikar) |
| Keflavík | 98 - 100 | Þór Ak. |
| Keflavík | 70 - 73 | Haukar |
| Keflavík | 93 - 95 | Höttur |

Síðasti heimasigur Keflvíkinga kom gegn Fjölni **6. nóvember 2017**

Keflavík hefur fengið á sig **90 stig** eða meira í fimm af síðustu sjö heimaleikjum sínum í deild og bikar



**Áður en Hörður Axel kom**

**6-5**

**Eftir að Hörður Axel kom**

**2-5**

**Flest stig á sig á heimavelli**

**90,2 stig**

Keflavík hefur tapað fyrir báðum botnliðunum, **Þór Ak.** og **Hetti**, á heimavelli

**» Keflavík mætir KR (úti), Njarðvík (heima), Stjörnunni (úti) og ÍR (heima) í síðustu fjórum umferðum Domino's-deildarinnar.**

Kevin Young kom fyrstur en var sendur heim áður en hann náði að spila leik í bláu treyjunni. Cameron Forte kom næstur. Hann entist í sex leiki áður en honum var skipt út fyrir Stanley Robinson. Ferilskrá þess ágæta leikmanns er flott en hann gerði lítið fyrir Keflavík og var ekki í neinu formi. Hann var því látinn taka hatt sinn og staf.

Dominique Elliott kom til Keflavíkur um áramótin og áður en félagaskiptaglugganum var lokað bættist Christian Jones í hópinn. Þeir skipta með sér mínútunum hjá Keflavík og hafa gert ágætlega. Þeir eru engir Amin Stevens en brúkhæfir leikmenn.

Keflavík fékk ekki bara nýjan Bandaríkjamann um áramótin heldur sneri landsliðsmaðurinn Hörður Axel Vilhjálmsson aftur til liðsins eftir nokkurra mánaða dvöl hjá Astana í Kasakstan. Fyrirfram hefði koma Harðar Axels átt að kveikja í Keflavíkurliðinu og hjálpa því að klífa töfluna. Það hefur farið á annan veg. Hörður Axel hefur leikið sjö leiki með Keflavík og aðeins tveir þeirra hafa unnist. Það er talsverð einföldun að skella allri skuldinni á Hörð Axel sem hefur, þrátt fyrir allt, skilað ágætum tölum. En þær telja lítið þegar liðið vinnur ekki leiki.

Keflavík situr í 8. sæti Domino's-deildarinnar þegar fjórum umferðum er ólokið. Keflvíkingar eru með 16 stig, tveimur stigum á undan Þór Þ. Keflvíkingar eiga gríðarlega erfiða leiki eftir og það er raunveruleg hætta að þeir missi af sæti í úrslitakeppninni í fyrsta sinn í sögu félagsins. Keflavík á eftir að mæta KR (úti), Njarðvík (heima), Stjörnunni (úti) og ÍR (heima). Á meðan á Þór eftir að mæta Val (úti), Hetti (heima), Þór Ak. (úti) og KR (heima). Dagskrá Þórsara er því öllu viðráðanlegri. Þeim dugir hins vegar ekki að jafna Keflvíkinga að stigum því Suðurnesjaliðið er með betri árangur í innbyrðisviðureignum liðanna.

Keflvíkingar hanga á brúninni og þurfa að spýta í lófana ef þeir ætla ekki að fara í snemmbúið sumarfrí.

ingvithor@frettabladid.is



Eyjamenn urðu bikarmeistarar 2015 undir stjórn Gunnars Magnússonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Mætir gömlu lærisveinunum

**HANDBOLTI** Gunnar Magnússon, þjálfari Hauka, mætir sínum gömlu lærisveinum í ÍBV í undanúrslitum Coca Cola-bikars karla í handbolta. Gunnar gerði Eyjamenn að bikarmeisturum árið 2015. Dregið var í undanúrslit Coca Cola-bikarsins í gær.

Í hinum undanúrslitaleiknum karlamegin mætast Selfoss og Fram sem gerði sér lítið fyrir og sló FH út í 8-liða úrslitunum. Undanúrslitaleikirnir hjá körlunum fara fram föstudaginn 9. mars.

Hjá konunum dróst KA/Þór gegn Haukum. Þetta er í fyrsta sinn sem KA/Þór er í þessari stöðu og jafnframt í fyrsta sinn sem lið úr næstefstu deild kemst í undanúrslit bikarkeppni kvenna.

Í hinni viðureigninni mætast ÍBV og Fram. Bæði lið hafa verið í góðum gír eftir áramót og því má búast við hörkurimmu. Undanúrslitaleikirnir hjá konunum fara fram fimmtudaginn 8. mars. Úrslitaleikirnir verða svo leiknir laugardaginn 10. mars. **– iþs**



Helena Sverrisdóttir hefur spilað mjög vel í undankeppni EM 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Skoruðu bara sex í seinni

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta tapaði stórt fyrir Svartfjallalandi, 69-37, í undankeppni EM 2019 í gær. Eins og svo oft áður í undankeppninni spilaði Ísland ágætlega í fyrri hálfleik en í þeim seinni hrundi leikur liðsins.

Staðan í hálfleik var 35-31, Svartfjallalandi í vil. Ísland skoraði einungis sex stig í seinni hálfleik og á endanum munaði 32 stigum á liðunum, 69-37. Íslenska liðið hefur tapað fyrstu fjórum leikjum sínum í undankeppninni.

Helena Sverrisdóttir var langatkvæðamest í íslenska liðinu með 22 stig og níu fráköst. Elín Sóley Hrafnkelsdóttir skoraði átta stig. **– iþs**

**» Íslenska liðið var aðeins með 26% skotnýtingu í leiknum.**


TAX FREE
DAGAR
15. – 18. FEBRÚAR
ALLAR VÖRUR
Á TAX FREE VERÐI*
*TAX FREE ER 19,36% raunafsláttur sem reiknast á við kassa og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is
A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram.com/a4verslanir
A4

## Merkisatburðir

**1113** Paskalis 2. páfi staðfestir stofnun Jóhannesarreglunnar.

**1145** Evgeníus 3. tekur við af Lúsíusi 2. sem páfi.

**1265** Guido Fulcodi verður Klemens 4. páfi.

**1637** Ferdinand 3. verður keisari hins Heilaga rómverska ríkis.

**1645** Enska borgarastyrjöldin: Enska þingið stofnar atvinnuher, New Model Army, með 22.000 mönnum.

**1662** Ragnheiður Brynjólfsdóttir eignast son sinn og Daða Halldórssonar.

**1759** Breska þjóðminjasafnið (British Museum) er opnað.

**1763** Sjö ára stríðinu lýkur með friðarsamningum milli Prússa og Austurríkismanna.

**1775** Giovanni Angelo Braschi verður Píus 6. páfi.



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Óskar Ágústsson**
**Þórkötlustaðavegi 11, Grindavík,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju mánudaginn 19. febrúar kl. 14.00.

**Margrét Sigurðardóttir**
**Guðbjörg Óskarsdóttir** **Hinrik Þór Harðarson**
**Sigurrós Óskarsdóttir** **Hákon Sverrisson**
**Hildur Eva, Brynjar Ingi, Andri Þór, Steinar, Sverrir, Óskar og Hekla**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingigerður Kristín Jónsdóttir**
**Ökrum í Reykjadal,**

lést fimmtudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram í Einarsstaðakirkju laugardaginn 17. febrúar kl. 14. Aðstandendur þakka starfsfólki Skógarbrekku á Heilbrigðisstofnun Norðurlands umhyggju og hlýhug.

**Þormóður Ásvaldsson**
**Þórveig Kristín Þormóðsdóttir**
**Ásvaldur Ævar Þormóðsson** **Laufey Skúladóttir**
**Jón Sigurður Þormóðsson**
**Sigríður Sólveig Þormóðsdóttir**
**Svala Guðrún Þormóðsdóttir** **Baldur Þorgilsson**
**Jörgen Heiðar Þormóðsson** **Gerður Ólafsdóttir**
**Sigurveig Dögg Þormóðsdóttir** **Jóhann Sigmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Þorláks Ásgeirssonar**
**húsasmíðameistara.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Hamra, Mosfellsbæ.

**Ása Guðbjörnsdóttir**
**Kristín Dagný Þorláksdóttir**
**Ásgeir Þorláksson** **Eva Hildur Kristjánsdóttir**
**Vilhjálmur Þorláksson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Þorgeir Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Svanfríður Ingunn Arnkelsdóttir**
**Boðaþingi 22, Kópavogi,**

lést á Borgarspítalanum þriðjudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 16. febrúar kl. 15.

**Arnór H. Arnórsson** **Margrét Fjóla Jónsdóttir**
**Þuríður S. Arnórsdóttir** **Gunnlaugur Gunnlaugsson**
**börn og barnabörn.**

# Dulúðin svífur yfir vötnum í Gallery Porti

**Þrándur Þórarinsson sýnir myndir sem hann vann eftir lögum Snorra Helgasonar í Gallery Porti í kvöld. Teikningarnar fylgdu með nýjustu plötu Snorra, Margt býr í þokunni, en á sýningunni verða þær sýndar í stærri útgáfum og verða til sölu í þetta eina sinn.**

Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður gerði teikningar fyrir nýju plötuna mína, Margt býr í þokunni. Það er sem sagt ein teikning fyrir hvert og eitt lag á plötunni og fylgja þær með vínylútgáfunni af plötunni. Hann Þrándur er núna að setja upp sýningu á þessum teikningum og ætlar að selja stærri útgáfur af þessum listaverkum. Ég ætla að mæta þarna og spila nokkur lög – þetta er nú í raun sýningin hans,“ segir tónlistarmaðurinn Snorri Helgason, en hann gaf út fyrir ekki svo löngu glænýja plötu, Margt býr í myrkrinu, með lögum sem hann vann upp úr íslensku þjóðsögunum. Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður vann síðan teikningu fyrir hvert einasta lag og þeir félagar ætla að troða upp í Gallery Porti í kvöld klukkan 20.

**Hann Þrándur er núna að setja upp sýningu á þessum teikningum og ætlar að selja stærri útgáfur af þessum listaverkum. Ég ætla að mæta þarna og spila nokkur lög**



Snorri Helgasson

Þarna verða til sýnis og sölu myndirnar eftir Þránd en þetta kvöld er eina skiptið sem þær verða til sölu og því er um að gera að mæta og tryggja sér eintak, eða bara koma og skoða. Myndirnar eru allar gífurlega þrungnar dulúð og spennu, líkt og plata Snorra – já og Íslendingasögurnar.

Sama kvöld er lokahóf sýningar Sigurðar Angantýssonar, Firningi. Þar er einnig um að ræða mjög dularfullar myndir þannig að það er kannski rétt að ráðleggja viðkvæmum að draga djúpt andann áður en haldið er inn í galleríið.

stefanthor@frettabladid.is



**Þrándur skellti í nokkrar teikningar við hvert lag af plötu Snorra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðborg Franklínsdóttir**
**frá Litla-Fjarðarhorni,**
**til heimilis að Skálarhlíð, Siglufirði,**

lést 12. febrúar sl.

**Sigurmar K. Albertsson** **Álfheiður Ingadóttir**
**Guðmundur J. Albertsson** **Áslaug Traustadóttir**
**Óskar H. Albertsson** **Aðalheiður Erla Jónsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Einar Halldórsson**
**Fögruhlíð 3, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítalans 9. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 20. febrúar klukkan 13.00.

**Rattanakon Saenpanya**
**Guðrún A. Einarsdóttir** **Guðmundur B. Björgvinsson**
**Eysteinn Halldór Einarsson**
**Ukrit Saenpanya**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Hjartardóttir**
**Köldukinn, Dalasýslu,**
**Hraunbæ 90, Reykjavík,**

sem lést þriðjudaginn 30. janúar verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju föstudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

**Árni Sigurðsson** **Selma Magnúsdóttir**
**Hjörtur E. Sigurðsson**
**Ingunn Sigurðardóttir** **Jón Axel Brynleifsson**
**Jón Óli Sigurðsson** **Kristín Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Hjördís Unnur Guðlaugsdóttir Beck**

lést á heimili sínu 8. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 20. febrúar klukkan 13.

**Guðlaugur Erlingsson** **Jarþrúður Ólafsdóttir**
**Helga Erlingsdóttir** **Kristmundur Hákonarson**
**Kristín Sverrisdóttir**
**Sverrir J. Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Canon



EOS 1300D með 18-55 mm linsu

Verð: 59.900 kr.

Canon



Hraðvirk EOS 7D Mark II

Verð: 229.900 kr.

SONY



A7II með 28-70 mm linsu

Verð: 249.990 kr.

interfit



Interfit ljósastúdíó

Verð frá 9.900 kr.

Canon



Pixma fjölnotaprentari

Verð frá 6.990 kr.

Canon



Upptökuvél LEGRIA HF G40

Verð: 127.415 kr.

Borgartúni 37, Reykjavík • Kaupangi, Akureyri • **netverslun.is**

origo

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Fremur hægur vindur á morgun, en norðaustanstrekkingur á Vestfjörðum. Skýjað með köflum og stöku él. Hiti kringum frostmark.




### Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1° | 12 |
| Ísafjörður | -0° | 6 |
| Akureyri | -2° | 15 |
| Egilsstaðir | -3° | 11 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | 10 |
| Hveravellir | -5° | 15 |

### Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1° | 9 |
| Ísafjörður | -6° | 4 |
| Akureyri | -5° | 5 |
| Egilsstaðir | -6° | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | -4° | 4 |
| Hveravellir | -8° | 10 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. glaður
5. munda
6. í röð
8. djöfsi
10. tveir eins
11. frumefni
12. ær
13. málmur
15. sólblossi
17. hald

**LÓÐRÉTT**
1. eldhús
2. viðureign
3. skrá
4. rispan
7. tengjast
9. nísta
12. steinlím
14. blóm
16. úr hóf

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. kátur, 5. ota, 6. áb, 8. kölski, 10. kk, 11. tin, 12. kind, 13. úran, 15. sólgos, 17. skaft.
**LÓÐRÉTT:** 1. kokkhús, 2. átök, 3. tal, 4. rákin, 7. bindast, 9. stinga, 12. kalk, 14. rós, 16. of.

## Skák Gunnar Björnsson

Hilmir Freyr Heimisson (2.136) átti leik gegn Janus Skaale (1.772) á Norðurlandamótinu í skólaskák í Finnlandi um helgina.
**Hvítur á leik**
**28. Hxf7! Hxf7 29. He7 Hcf8 30. Hxf7 Hxf7 31. d7! 1-0.**
Jóhann Hjartarson og Helgi Áss Grétarsson eru efstir á Skákhátíð MótX þegar sex umferðum af sjö er lokið. Siguringi Sigurjónsson er efstur í b-flokki. Lokaumferðin fer fram þriðjudaginn kemur.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.





HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd



FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína.
Kringlan SMÁRALIND BÓNUS FJÖRÐUR Samkaup N1 nettó olís


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FEBRÚAR | 2018




GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM

# ÖRUGGUR BÍLL OG FERÐIN VERÐUR ÁNÆGJULEGRI

## Vertu með allt á hreinu á nýskoðuðum bíl frá Frumherja

Vörubílar | Eftirvagnar | Sendibílar | Hestakerrur | Hópbílar | Fólksbílar/jeppar | Felli -og hjólhýsi | Mótorhjól | Tjaldvagnar/kerrur

IS OV 19 342

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



Pipar\TBWA \ SÍA

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Gunnþóra Gunnarsdóttir, menningarblaðamaður, sem hefur starfað á blaðinu frá því skömmu eftir stofnun þess.

Gunnþóra Gunnarsdóttir

*fréttamaður*




Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ

Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is













# Hjarta þjóðarinnar slær á Þi

**Á sýningunni Hjartastaður í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsun úr einkasafni Sverris Kristinssonar. Þær eru eftir helstu listmálara**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það var snemma á síðasta ári sem við ákváðum að láta eina af sýningum þessa árs hverfast um fullveldisafmælið. Þá kom Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur með þá snilldarhugmynd að fá lánuð verk hjá honum Sverri Kristinssyni fasteignasala, sem er mikill safnari. Fyrir valinu urðu forkunnarfallegar Þingvallamyndir, enda slær hjarta þjóðarinnar á Þingvöllum," segir Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, um Hjartastað, sýningu sem opnuð hefur verið í listasafni bæjarins.

Valgerður segir verkin eftir sautján listmálara, bæði þá sem þjóðin þekkir best eins og Kjarval, Ásgrím, Þórarin B. Þorláksson, Jón Stefánsson, Jóhann Briem, Jón Þorleifsson, og Eirík Smith en líka aðra sem ekki hafa verið jafn áberandi í sýningarsölum til þessa. „Einn þeirra er Gísli Jónsson, sem var fæddur 1878 og dó 1944. Það er mikil heiðríkja yfir myndunum hans og þær vöktu hvað mesta athygli við opnunina, fólk hafði ekki séð verk hans áður."

Sýningin Hjartastaður verður í Duushúsum fram í miðjan apríl og á tímabilinu verða þar nokkrir viðburðir tengdir henni. Þar má nefna leiðsögn og gjörning á Safnahelgi á Suðurnesjum 10. og 11. mars og fræðslukvöld með bæði sögu- og myndlistarfyrirlestrum, gjörningi leikfélagsins um árið 1918 og tónlist.



Myndir meistaranna njóta sín afbragðsvel í Listasafni Reykjanesbæjar og þar fá þær að

**VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ LÁTA EINA AF SÝNINGUM ÞESSA ÁRS HVERFAST UM FULLVELDISAFMÆLIÐ.**

# Ástarflækjur, loftfimleikar og sítrónur

**LEIKRIT**

**Ahhh ...**

★★★★☆

**úr textum og ljóðum eftir Elísabetu Jökulsdóttur**

**Leikhópurinn RaTaTam**

**Tjarnarbíó**

**Leikstjórn:** Charlotte Bøving
**Leikarar:** Albert Halldórsson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Halldóra Rut Baldursdóttir og Laufey Elíasdóttir
**Leikmynda- og búningahönnuður:** Þórunn María Jónsdóttir
**Tónlistarstjórn:** Helgi Svavar Helgason
**Ljósahönnun:** Arnar Ingvarsson
**Hreyfingar:** Hildur Magnúsdóttir

RaTaTam-leikhópurinn frumsýndi sitt annað verk í Tjarnarbíói síðastliðinn föstudag. Fyrir tveimur árum, í sýningunni Suss!, tókst hópurinn á við heimilisofbeldi en nú beinir hann sjónum sínum að ástinni, en í bæði skiptin hefur Charlotte Bøving setið í leikstjórnarstólnum. Sýningin Ahhh ... er byggð á textum Elísabetar Jökulsdóttir sem spanna tímabilið frá árinu 1989 til ársins 2014 og er úr miklu að spila enda höfundur þekktur fyrir að nálgast efni sitt á frumlegan, fyndinn og stundum fáránlegan hátt.

Ástin birtist hér í flóknum og fjölbreyttum myndum enda getur fyrirbærið verið hversdagslegt, epískt, óheilbrigt, náttúrulegt, nauðsynlegt og allt þar á milli. Aftur á móti kemur ástin sem hér er fjallað um frekar úr gagnkynhneigðari áttinni, þó að hinsegin ástin fái eitthvert pláss. En Elísabet smíðar samt sem áður undraverða heima þar sem allt getur gerst líkt og manneskjan



Sýningin dansar á milli kabarettsins og trúðaformsins, líkt og allir leikarar verksins séu siðameistarar í þessum heimi ástarinnar sem áhorfendum er boðið inn í, segir í dómnum.

öðlist nýja hæfileika með kærleikanum, sem er kannski ekki fjarri lagi.

Charlotte lætur sýninguna dansa á milli kabarettsins og trúðaformsins, líkt og allir leikarar verksins séu siðameistarar í þessum heimi ástarinnar sem áhorfendum er boðið inn í. Slík nálgun hentar textum Elísabetar svo sannarlega vel og er listilega útfærð. Framsetningin er lifandi en mjög skýr og afmörkuð rýmisnotkun leyfir textanum að njóta sín. Sviðshreyfingar Hildar Magnúsdóttur smjúga í gegnum sýninguna, gefa textanum þyngra vægi og færa sýninguna á betra plan.

Leikhópurinn vinnur allur vel saman en þrjú þeirra komu að Suss! á sínum tíma. Nú syngja þau og spila á hljóðfæri að auki, svo ekki sé nú minnst á loftfimleikana sem þræða verkið saman. Allt þetta framkvæma þau af krafti. Halldóra Rut Baldursdóttir er kankvís á sviði og með góða tímasetningu. Guðmundur Ingi Þorvaldsson nýtur sín best í tónlistarsenunum og þegar hann fær lausan tauminn. Þarna sjá áhorfendur nýja hlið á reyndum leikara. Laufey Elíasdóttir var svolítið óörugg í byrjun en dafnaði með hverri senu þar sem bæn hennar til guðs stendur upp úr. En það er Albert Halldórsson sem stelur senunni hér með virkilega góðum leik þar sem hann ferðast lipurlega á milli húmorsins og einlægninnar. Lítið hefur farið fyrir honum á sviði eftir útskrift úr Listaháskóla Íslands en hann á svo sannarlega skilið fleiri tækifæri á fjölunum.

Listræna teymið skilar af sér gríðargóðu verki, öll sem eitt. Þórunn María Jónsdóttir hefur einfaldleikann í fyrirrúmi hvað varðar leikmynd og búninga en gætir þess að hvert smáatriði sé vel unnið. Sviðsmyndin sjálf stendur þó upp úr í öllum sínum einfaldleika þar sem silkimjúk tjöldin umbreytast í urmul ástartákna og litlir steinar verða að fjallgörðum. Helga Svavari Helgasyni fer tónlistarstjórnunin vel úr hendi, hún er bæði frumlega útfærð og grípandi. En óþægilegt er að vita ekki úr hvaða átt tónlistin er

# ngvöllum

## m eru Þingvallamyndir þjóðarinnar á 20. öld.



vera fram í miðjan apríl.

Vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út um sýninguna Hjartastað. Þar fjallar Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur um gildi Þingvalla fyrir íslenska myndlist og Birgir Hermannsson, lektor við HÍ, fer orðum um tengsl Þingvalla við íslenska þjóðmenningu.

samkvæmt leikskrá. Á einhverjum tímapunkti virtust tónar Anne Dudley úr þáttunum um Jeeves og Wooster óma um salinn en stór hluti tónsmíðanna hljómaði þó eins og frumsaminn.

Ahhh … er framfaraskref fyrir RaTaTam-hópinn og er slíkt gleðifréttir, því oft eru leikhópar landsins fastir í sama farinu. Hér meitlar hópurinn sína framsetningu, sterkur texti og leikstjórn leika þar stórt hlutverk. Sýningin hefur kannski ekki línulega framvindu en kærleikurinn kemur alltaf á óvart líkt og sýningin sjálf. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Öðruvísi og ögrandi sýning um afkima ástarinnar.

# Staldrar við nöfn og staði

„Ég reyni að gera ekki upp á milli landshluta og leyfi afskekktum annesjum, eyðisveitum, malarflákum og firnindum að njóta sín til jafns við Þingvelli og fjalladrottningar,“ segir Sæunn Þorsteinsdóttir sem opnar sýningu í Listasal Mosfellsbæjar á morgun milli klukkan 16 og 18.

Sæunn kallar sýninguna Landbrot enda eru þar aðallega lágmyndir unnar úr landakortum. Um vinnuferlið segir Sæunn. „Ég handleik hvern kortabút, slétta og brýt og staldra við nöfn og staði. Kræki saman bútum, lími eða sauma svo úr verður nýtt landslag.“

**LEYFI AFSKEKKTUM ANNESJUM, EYÐISVEITUM, MALARFLÁKUM OG FIRNINDUM AÐ NJÓTA SÍN**

Landbrot stendur út 23. mars, aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. **– gun**



**Sæunn býr til nýtt landslag úr kortunum.**








Vinirnir fjórir lenda í ógöngum og skelfilegum hremmingum í sænskum skógi þar sem illir andar eru á sveimi.

# Göróttur hryllingsgrautur kryddaður með fornu kryddi og ferskum súputeningum

KVIKMYNDIR

**The Ritual**

★★★★☆

**Leikstjórn:** David Bruckner
**Aðalhlutverk**: Rafe Spall, Arsher Ali, Robert James-Collier, Sam Troughton

Netflix frumsýndi í síðustu viku bresku hryllingsmyndina The Ritual. Virkilega ánægjulegt, ekki síst þar sem almennilegur hrollur hefur verið af frekar skornum skammti í þeim hillum efnisveitunnar sem aðgengilegar eru frá Íslandi.

The Ritual er fyrsta flokks framleiðsla þar sem saman fara sterkur leikur, skemmtilegar og svalar æfingar með tökuvélina, þrúgandi sviðsmynd og myndmál. Þetta er einfaldlega firnasterk hryllingsmynd sem óhætt er að mæla með.

Hrollurinn hefur, mikið til óverðskuldað, mátt þola fordóma og fordæmingar í gegnum tíðina. Vitaskuld verður ekki þrætt fyrir að megnið af þeim hryllingsmyndum sem dælt er út er frekar lélegt klisjuhjakk en þegar vel er að verki staðið er engin kvikmyndagrein sálinni jafn holl og hryllingurinn.

Hann Aristóteles útskýrði þetta vel fyrir margt löngu í riti sínu Um skáldskaparlistina. Hryllingurinn lýtur nefnilega sömu lögmálum og hinir fornu harmleikir. Aristóteles talaði um að harmleikirnir gætu veitt áhorfendum útrás, andlega hreinsun, kaþarsis. Þetta gerir góð hryllingsmynd líka.

The Ritual er akkúrat þannig mynd enda sú besta úr þessum flokki sem sést hefur undanfarin misseri. Helst er að finna hliðstæðu hvað varðar gæði, ókennileika og óhugnað í þeirri frábæru mynd The Witch frá 2015. Þar fyrir utan eru yrkisefni beggja mynda af sama meiði þótt The Witch gerist í Ameríku í kringum 1630 en The Ritual í samtímanum í Svíþjóð. Af öllum stöðum.

Í The Witch hrekst kjarnafjölskylda út fyrir mörk siðmenningar, út í skóg, villta náttúruna, kvenlæga óreiðuna þar sem nornir og óbeisluð öfl upplausnarinnar ráða ríkjum. Mig minnir að Helga Kress, minn góði kennari í femínískum bókmenntum, hafi kallað þetta hættusvæði „villtu zónuna“.

Í The Witch splundrast fjölskyldan og í The Ritual gliðnar bræðralag fjögurra vel stæðra hvítra karla. Margumtalað feðraveldið er máttvana þar sem reglufestunni sleppir og óreiðan tekur við. Allt riðlast og fer til fjandans og þegar það gerist verðum við skíthrædd. Traustur grunnur fyrir góðan hroll.

Í The Ritual ákveða fjórir vinir að reyna að komast yfir sáran missi með því að skella sér í „strákaferð“. Frekar en að skella sér til Tenerife í sukk og svínarí ákveða þeir að aulast í óbyggðagöngu í Svíþjóð. Úti í óbeislaðri náttúrunni villast þeir af leið og hætta sér, grunlausir, út fyrir öruggar gönguslóðir og enda í annarlegum heimi ógnar, sturlunar og dauða. Í þéttum skóginum verða þeir þess áskynja að illur andi gengur laus og ógnar geðheilsu þeirra, limum og lífi.

Framan af tekst að keyra ókennileikann, óttann og feigðina upp í topp og áhorfandinn smitast af hræðslu þeirra félaga. Óhugnaðurinn er magnaðastur þegar vinirnir og áhorfandinn hafa í raun enga hugmynd um hvers eðlis ógnin er. Þessi ónotalega stemning helst lengst af og eini gallinn við þessa sallafínu mynd er að undir lokin freistast höfundarnir til þess að sýna of mikið og gefa of mikið upp. Þá dofnar dulúðin aðeins en eftir stendur engu að síður unaðsleg hryllingsmynd.

The Ritual er göróttur grautur þar sem saman er hrært áhrifum frá H.P. Lovecraft, Stanley Kubrick, David Lynch, The Witch, ákveðnum X-Files-þætti, Deliverance, The Hills Have Eyes og andskotanum öllum öðrum. Norrænn goðsagnaarfur blandast keltneskum þar sem hyrndur skógarguð, forynjur og satanísk öfl blandast saman í geggjaða ógn sem gerir skóginn að því sem hann er; yfirráðasvæði heiðninnar, hins villta og illa.

Hér klikkar nánast ekki neitt og niðurstaðan er dásamlegur hrollur og algert dekur fyrir þá sem þora.

**Þórarinn Þórarinsson**



Hyrndur skógarguð úr heiðinni forneskju, ígildi Satans, lætur á sér kræla.




The Ritual er það allra besta er Netflix hefur boðið upp á í hryllingsdeildinni.

**NIÐURSTAÐA:** Óþægilega góð hryllingsmynd. Göróttur nornaseiður kryddaður með úrvals bragðefnum úr fornri menningu og dægurkúltúr vorra tíma. Þið sem eruð með Netflix eruð hvort eð er búin að kaupa miðann. Ekki hika við að nota hann.

VÉLABORG

JUNGHEINRICH
lyftarar og hillukerfi
www.velaborg.is velaborg@velaborg.is s. 414 8600

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

YAMAHA P-115
Rafpíanó

Verð. 99.990
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
TÓNABÚÐIN



Segðu bless við sköfuna og hitaðu bílinn með Webasto bílahitara
BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
Webasto
Feel the Drive
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is


HB
HÚSGAGNABANKINN
RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
Quattro sófasett
Alklætt ekta leðri
Tilboð 290.000
Houston sófasett
Alklætt ekta leðri
Tilboð 330.000
Classico sófasett
Alklætt ekta leðri
Tilboð 290.000
Rubelli hægindastóll
Í sterku áklæði
Tilboð 53.000
Rubelli hægindastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð 74.000
Carrera hægindastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð 71.000
Bronson rafknúinn hægindastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð 119.000
Carrera 2 mótora lyftistóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð 127.000
Carrera 2 mótora lyftistóll
Í sterku áklæði
Tilboð 100.000
Carrera 1 mótors lyftistóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð 114.000
Chippendale glerskápur
Hnota
Tilboð 127.000
Innskotsborð
Mahogany eða Hnota
Tilboð 38.000
Sófaborð
Mahogany eða Hnota
Tilboð 58.000
Sjónvarpsskápur
Mahogany eða Hnota
Tilboð 83.000
Carrera rafknúinn hægindasófi
Alklæddur ekta leðri
Tilboð 205.000
Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

# Bætiefni fyrir dísilvélar












## Super Dísil bætefni

- Hreinsar og bætir bruna
- Bætir smureiginleika dísilolíunnar
- Bætir bruna í kaldri vél
- Minnkar mengun
- Hentar öllum dísilvélum

*Vörunúmer. LM2814*

## Dísil Antigel

- Dregur úr myndun parafínkristalla sem geta myndast í kulda
- Bætir rennslismörk dísilolíu í köldu veðri
- Hentar öllum dísilvélum

*Vörunúmer. LM8929*

## Sótagnasíuvörn

- Dregur úr myndun sótagna í dísilvélum
- Lengir endingu sótagnasíu í dísilvélum
- Kemur í veg fyrir orkuleysi véla sökum sótagna í sótagnasíum

*Vörunúmer. LM7180*

**Stilling**
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Nýtt** blað er komið út
Skoðaðu á husa.is

# SÚPER
# TILBOÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Sjáðu verðið!

Electrolux

**46.990 kr**

**Þvottavél** Fw30l7120
Orkunýting: A+++. Þvottahæfni: A. Vindhæfni: B. Þvottamagn: 7 kg. Time Manager, LCD upplýsingaskjár. Hljóðstyrkur 58 dB. Hljóðstyrkur við vindu 79 dB.
1805690

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux

**59.990 kr**
~~64.990 kr~~

**Þurrkari** EDP2074PDW
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara. Tekur 7 kg, snýr í báðar áttir. Fjórtán þurrkkerfi, tromla 108 ltr., krumpuvörn, kæling. Orkunýting C, hljóðstyrkur 64 dB. Stærð: H: 85 cm x B: 60 cm x D: 60 cm.
1860171

Allt parket 20-30% afsláttur

25% afsláttur

EUROHOME enjoy living

15 ára ábyrgð

5G smella

SÚPER TILBOÐ

**1.490 kr/m²**
~~1.990 kr/m²~~

**Harðparket Eurohome Loft**
Ljós, 3ja stafa eik. Borðastærð: 1,285x192 mm, 8 mm þykkt. 15 ára ábyrgð. Slitþolsflokkur 32/AC4.
147100

20% afsláttur

damixa™

SÚPER TILBOÐ

**6.990 kr**
~~8.895 kr~~

**Handlaugartæki**
Space með lyftitappa, dönsk hönnun.
8000800

JOTUN LADY

Blöndum alla liti

JOTUN

**25% afsláttur**
af LADY Pure Color

## Allt fyrir veturinn
á betra verði

Sjáðu verðið!

30% afsláttur

**345 kr**
~~495 kr~~

**Rúðuvökvi -18°**
Mjöll Frigg, 2,5 ltr.
5023230

30% afsláttur

**487 kr**
~~695 kr~~

**Saltpoki 5 kg**
Gróft.
5082656

**2.599 kr**
~~3.999 kr~~

**Tjöruhreinsir, 5 ltr.**
Maxi Extra.
5023236

**1.995 kr**

**Snjóskófla**
Álskófla, AL-2.
5082796

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# VERKFÆRADAGAR

NEO TOOLS

SÚPER TILBOÐ

**6.995 kr**
~~10.995 kr~~

36% afsláttur

**Topplyklasett**
Neo, 1/2", 23 stk.
5052509

BLACK+DECKER

SÚPER TILBOÐ

30% afsláttur

**8.397 kr**
~~11.995 kr~~

**Juðari**
Juðari (slípimús) í tösku. 120W + 6 arkir.
5245799

BLACK+DECKER

SÚPER TILBOÐ

33% afsláttur

**5.995 kr**
~~8.985 kr~~

**Höggborvél**
500W.
5245599

BLACK+DECKER

SÚPER TILBOÐ

**12.995 kr**
~~18.995 kr~~

31% afsláttur

**Borvél 10,8V + 100 fylgihlutir**
2 stk., 1.5sH Li-ion rafhlöður, hersla 25Nm
5245566



# Philips ljós og perur

Í Húsasmiðjunni

## Vinsælasta ljósið í Húsasmiðjunni

**PHILIPS**

**Mohair loftljós**
Mohair loftljós, hvítt eða svart, 60W.
6165882-3

**14.995kr**
~~17.695kr~~



**PHILIPS**
**Ring loftljós svart**
6166322
**17.900kr**
~~19.895kr~~



**PHILIPS**
**Chiffon loftljós, hvítt**
6165864
**17.695kr**



**PHILIPS**
**LED loftljós inni**
6165793
**7.590kr**
~~8.495kr~~



**PHILIPS**
VERÐ FRÁ
**1.795kr**
~~1.995kr~~
**Vintage LED perur**
Hannað til að sjást.



PHILIPS
hue personal wireless lighting

## Snjallari lýsing með símanum þínum

PHILIPS
hue personal wireless lighting

Með HUE frá Philips stjórnar þú lýsingunni á heimilinum með símanum, hvar og hvenær sem er.



**Startpakki**
**19.895kr**
**HUE Start Kit**
Með rofa, brú, 2xE27
LED perur.
6167000




**NEXT OF KIN**
KL. 20:55
Mona Mirza er harmi lostin eftir að bróðir hennar er myrtur og ekki eru öll kurl komin til grafar þegar óþægileg fjölskylduleyndarmál koma upp á yfirborðið. Hörkuspennandi þáttaröð sem enginn má missa af.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**NCIS**
KL. 20:10
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**SNATCH**
KL. 21:40
Hópur ungra og efnilegra bragðarefa kemst yfir bílfarm af stolnu gulli og dregst inn í hörkuspennandi atburðarás. Frábærir breskir spennuþættir byggðir á samnefndri mynd eftir Guy Ritchie.



**THE MEDDLER**
KL. 22:00
Myndin fjallar um Marnie sem er nýorðin ekkja og getur ekki hugsað sér að setjast í helgan stein. Hún ákveður að flytja til LA og hefja þar nýtt líf.



**ARROW**
KL. 21:35
Ungur milljónamæringur og glaumgosi snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og nú er hann í miklum hefndarhug.



**LÍNA LANGSOKKUR Á FERÐ OG FLUGI**
KL. 19:00
Hress og skemmtileg teiknimynd um sterkustu stelpu í heimi, Línu Langsokk, og vini hennar Önnu og Tomma.




Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**

**365.is**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**06.05** Transparent
**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Hell's Kitchen
**11.00** Vinir
**11.45** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Billy Madison
**14.30** Happening. A Clean Energy Revolution
**15.40** Curious George 3. Back to the Jungle
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Mom Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa-dalnum í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**19.50** The Big Bang Theory
**20.10** NCIS
**20.55** Next of Kin Spennandi bresk þáttaröð sem fjallar um hina snjöllu Monu Mirza sem er harmi lostin þegar bróðir hennar er myrtur við sjálfboðaliðastörf. Til að bæta gráu ofan á svart koma í kjölfarið gömul og óþægileg fjölskylduleyndarmál upp á yfirborðið og þá sogast hún inn í atburðarás sem einkennist af svikum og undirferli til þess eins að vernda sig og fjölskylduna.
**21.40** The X-Files
**22.25** Snatch
**23.10** Real Time With Bill Maher
**00.30** Steypustöðin
**00.55** Burðardýr
**01.25** Bancroft
**02.15** Peaky Blinders
**03.15** Billy Madison
**04.45** Vinir

## STÖÐ 2 SPORT

**08.40** Real Madrid - Paris
**10.20** Meistaradeildarmörkin
**10.50** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**12.30** Haukar - Afturelding
**14.05** Seinni bylgjan
**15.40** Porto - Liverpool
**17.20** Real Madrid - Paris
**19.00** Meistaradeildin í hestaíþróttum 2018
**22.20** Premier League World 2017/2018
**22.50** Dortmund - Atalanta B.C.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.55** Huddersfield - Bournemouth
**08.35** Tottenham - Arsenal
**10.15** Real Madrid - Real Sociedad
**11.55** Spænsku mörkin 2017/2018
**12.25** Everton - Crystal Palace
**14.05** Swansea - Burnley
**15.45** Bristol City - Sunderland
**17.25** Football League Show 2017/18
**17.55** Östersund - Arsenal
**20.00** Napoli - Leipzig
**22.05** Þýsku mörkin 2017/2018
**22.35** Stjarnan - Grindavík

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh Off The Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Supergirl
**21.35** Arrow
**22.20** Not For Attribution
**23.20** Dagvaktin
**23.55** Bob's Burger
**00.45** Entourage
**01.15** Modern Family
**01.35** Seinfeld
**02.00** Friends
**02.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Lína langsokkur á ferð og flugi

Mörgæsirnar kl. 08.24, 12.24 og 16.24



## GOLFSTÖÐIN

**07.00** PGA Tour 2018
**11.55** Inside the PGA Tour 2018
**12.20** PGA Highlights 2018
**13.15** Champions Tour Highlights 2018
**14.10** Golfing World 2018
**15.00** LPGA Tour 2018
**20.00** Genesis Open
**23.00** Golfing World 2018
**02.00** LPGA Tour 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.45** A Cinderella Story. If the Shoe Fits
**13.20** Friday Night Lights
**15.15** Step Brothers
**16.50** A Cinderella Story. If the Shoe Fits
**18.25** Friday Night Lights
**20.20** Step Brothers
**22.00** The Meddler
**23.45** Tracers
**01.20** Miss You Already
**03.10** The Meddler

## RÚV

**06.20** ÓL 2018.10 km skíðaganga kvenna
**08.05** ÓL 2018. Skíðaskotfimi kvenna
**09.45** ÓL 2018. Stórsvig kvenna - seinni ferð
**10.30** ÓL 2018. Brun karla
**11.10** ÓL 2018. 20 km skíðaskotfimi karla
**13.10** ÓL 2018. Íshokkí karla
**14.55** ÓL 2018. Listhlaup para
**17.10** Eyðibýli
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Ég og fjölskyldan mín - Ida
**18.39** Letibjörn og læmingjarnir
**18.47** Flink
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Unga Ísland
**20.40** Hemsley-systur elda hollt og gott
**21.10** Dánardómstjórinn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** ÓL 2018. Samantekt
**22.35** Glæpahneigð
**23.20** Neyðarvaktin
**00.05** Kastljós
**00.20** Menningin
**00.55** ÓL 2018. Svig kvenna - fyrri ferð
**02.00** ÓL 2018. Risasvig karla
**04.10** ÓL 2018. Svig kvenna - seinni ferð

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**11.40** The Bachelor
**13.10** Dr. Phil
**13.50** 9JKL
**14.15** Wisdom of the Crowd
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** The Millers
**15.50** Solsidan
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** The Mick
**20.10** Man With a Plan
**20.35** Ghosted
**21.00** 9-1-1
**21.50** Scandal
**22.35** Fargo
**23.25** The Tonight Show Starring
**00.45** 24
**01.30** Taken
**02.15** Stella Blómkvist
**03.05** Law & Order. SVU
**03.50** Agents of S.H.I.E.L.D.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin










AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
HVERFISGÖTU 56, 101 RVK

**FIMM RÉTTA HÁTÍÐARSEÐILL**
15. FEBRÚAR TIL 15. MARS
*6.990 kr. sun-fim | 7.490 kr. fös-lau*

552-1630
AUSTURINDIA.IS

## Heilsan okkar



Jóhanna E. Torfadóttir, næringar- og lýðheilsufræðingur.

### Æskilegt mataræði fyrir unglinga sem æfa mikið?

Í svona tilvikum gildir að borða fjölbreytt og oft yfir daginn. Á hverjum degi er æskilegt að fá kornvörur (helst heilkorna), ávexti, grænmeti, kalkgjafa, próteingjafa (fisk, kjöt, egg eða baunir) og fiturík matvæli (t.d. avókadó, hnetur og fræ).

**Tillaga að matseðli:** Morgunmatur gæti verið hafragrautur eða morgunkorn með D-vítamínbættri mjólk. Mikilvægt er að taka D-vítamín (lýsi/perlur) og jafnvel fjölvítamín. Fínt er að fá sér vatnsglas eða ávaxtasafa með. Í flestum grunnskólum er tími fyrir ávaxtanesti, gott væri að fá sér samloku með til dæmis möndlusmjöri samhliða ávöxtunum eða hafragraut þar sem að hann er í boði.

Í hádeginu er oftast í boði fiskur eða kjöt sem eru fínir próteingjafar og meðlætið mætti vera t.d. hýðishrísgrjón eða heilhveitipasta, sósa, ávextir og/eða grænmeti ásamt vatnsglasi. Um það bil tveimur tímum fyrir æfingu þarf að borða aftur. Nú mætti velja AB-mjólk, gríska jógúrt eða chiagraut með ávöxtum og jurtamjólk. Annar valkostur gæti verið ristað brauð með mjúku viðbiti, osti og marmelaði. Gott er að taka með sér orkustykki eða banana til að hafa með á æfingu ef hún varir í meira en klukkutíma. Mikilvægt er að drekka vatn á æfingu.

Í kvöldmat þarf aftur að huga að próteingjafa og meðlæti eins og lýst er fyrir hádegismatinn og jafnvel gæti þurft kvöldhressingu seinna um kvöldið. Mætti velja matvæli eins og morgunkorn, hnetur, möndlur, skyr, jógúrt eða þurrkaða ávexti.

**NIÐURSTAÐA:** Passa þarf að unglingur, sem hreyfir sig mikið í hverri viku, borði oft yfir daginn, fái fjölbreytta fæðu og drekki nægt vatn.



Lil Peep heitinn veigraði sér ekki við að láta skreyta á sér andlitið.



6ixnine er svaka vinsæll um þessar mundir og er einnig með fullt af flúri framan í sér.



Gucci Gang rapparinn Lil Pump er auðvitað vel skreyttur í framan.

# Síðasta tabúið? Húðflúr í andlitinu



Gucci Mane vakti athygli þegar hann lét flúra ís á andlitið á sér. Hann segist hafa verið á mjög dimmum stað þegar hann tók þá ákvörðun.

Ný kynslóð amerískra poppara er í auknum mæli með húðflúr í andlitinu. Fyrir ekki svo mörgum árum voru það aðeins klíkumeðlimir sem fengu sér slíkt. En hlutirnir virðast vera að breytast hratt.

Það að láta húðflúra sig í andlitið er aðeins á færi þeirra sem er alveg sama um allt, enda er ekki nokkur leið að fela slíkt í næsta starfsviðtali. Maóríar, frumbyggjar Nýja-Sjálands, voru á öldum áður duglegir við að skreyta sig í framan með húðflúrum, en á síðustu árum hafa það aðallega verið klíkumeðlimir sem hafa lagst undir tattúbyssuna með það að markmiði að fá flúr á fésið.

Nú eru tímarnir aðrir. Annar hver maður virðist vera með húðflúr einhvers staðar á líkamanum í – jafnvel mýkstu skrifstofumenn eru með „full sleeve“ og japanskan dreka yfir öllu bakinu. Það þarf ekki að leita lengi að jafnvel virðulegum bankamanni með tattú á handarbakinu, en einu sinni var það tabú. Í takt við þessar breytingar munu líklega æ fleiri sjást með flúr í framan.

stefanthor@frettabladid.is



Lil Wayne var snemma kominn með tár og fleira í andlitið. Síðan þá hafa fleiri tattú bæst við.



Hnífurinn á enninu á 21 Savage hefur vakið mikla gleði meðal netverja.



Íslandsvinurinn Post Malone gat ekki látið sitt eftir liggja og fékk sér gaddavír á ennið.



Mike Tyson fékk sér Maóríaflúr, en mörgum fannst það hálf móðgandi.

Varmadælur & loftkæling




Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land






**ÞRAUKA** DÖMU JAKKI ~~36.990 KR~~ 24.990 KR



**ESJA** DÖMU ÚLPA ~~29.990 KR~~ 14.995 KR



**JAKI** DÖMU ÚLPA ~~39.990 KR~~ 24.990 KR



**FENNA** DÖMU ÚLPA ~~34.990 KR~~ 19.990 KR



**BERJAST** HERRA ÚLPA ~~59.990 KR~~ 29.990 KR



**ARNARFELL** HERRA PEYSA ~~17.990 KR~~ 9.990 KR



**FENNA** HERRA SKÍÐAÚLPA ~~34.990 KR~~ 19.990 KR



**FROSTI** KRAKKA ÚLPA ~~16.990 KR~~ 9.990 KR

**OPNUNARTÍMI**

VIRKIR DAGAR 12:00 - 18:00 | LAUGARDAGUR 11:00 - 17:00 | SUNNUDAGUR 13:00 - 17:00

ZO•ON ICELAND

**STAÐSETNING**

FACTORY STORE, NÝBÝLAVEGUR 6

**SÍMI**

557 1050










Herra Hnetusmjör gæti opnað dyrnar fyrir íslenskt popp á Norðurlöndunum með samningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sony dreifir Herra Hnetusmjöri um Norðurlöndin

**Herra Hnetusmjör** hefur skrifað undir dreifingarsamning við Sony. Fyrirtækið mun dreifa tónlist Kópavogsrapparans um Norðurlöndin. Herra Hnetusmjör hlakkar til að fá frekari dreifingu um Skandinavíu.

Við vorum búnir að taka eftir spilun á Spotify frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku og vorum svona aðeins farnir að grúska í því hvernig við ættum að tækla það; eigum við að gera Facebook póst á norsku og pósta honum bara í Noregi eða hvað – svo fékk ég bara þetta boð á þennan fund með Sony. Það lá beinast við að gera þetta bara með þeim, þeir eru búnir að sanna sig þarna í Danmörku. Þannig að mér líst bara mjög vel á þetta,“ segir Herra Hnetusmjör en hann skrifaði undir samning við Sony nú á dögunum. Hann er annar íslenski listamaðurinn sem gerir það á stuttum tíma en eins og Fréttablaðið greindi frá í byrjun mánaðar skrifaði rapparinn Aron Can undir sams konar samning við Sony. Það er því ljóst að þeir hjá Sony vilja ólmir dreifa vinsælli íslenskri tónlist um Norðurlöndin og mögulega víðar.

**RAPPIÐ ER NÁTTÚRULEGA Á ÞANNIG STAÐ Í DAG AÐ ÞAÐ SKIPTIR EKKERT ENDILEGA ÖLLU MÁLI HVAÐ ÞÚ SEGIR, ÞAÐ ER MEIRA HVERNIG ÞÚ SEGIR ÞAÐ.**

„Þeir eru með rosa mikið af samböndum og þetta gerir allt miklu þægilegra fyrir mig. Svo á ég enn „masterana“ af lögunum mínum – þannig að þetta er ekki þessi týpíski plötusamningur sem allir rapparar eru hræddir við og þar með talinn ég. Þeir ætla bara að dreifa efninu.“

*Þú segir að Skandinavarnir séu duglegir að spila tónlistina þína – er þetta mikil spilun?* „Já, þetta eru alveg hundruð og stundum þúsundir spilana á mánuði. Rappið er náttúrulega á þannig stað í dag að það skiptir ekkert endilega öllu máli hvað þú segir, það er meira hvernig þú segir það. Þetta sér maður í Atlanta-senunni til dæmis – þegar „mumble“ rappið kom fyrst þá skildi maður ekkert það sem Young Thug var að segja en það var samt alveg sturlað.“

Þannig að frændur vorir á Norðurlöndunum virðast kunna að meta vélbyssuflæði Herra Hnetusmjörs án þess þó endilega að skilja hvað okkar flóknu íslensku orð þýða.

*Vekur þessi samningur ekki upp alls konar hugmyndir hjá þér? Er komið eitthvert plan í framhaldinu?* „Ég er náttúrulega að spila allar helgar næstu vikurnar og mánuðina. En ég veit það ekki, ég er alltaf að gera einhver lög og það verður kannski plata úr því.“

*Þú ferð að henda einhverjum skandinavískum vísunum í textana þína?* „Já, ég byrja að tala ógeðslega mikið um Joe and the Juice og IKEA og eitthvað,“ segir Herra Hnetusmjör hlæjandi. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

50kr | 100kr | 200kr
300kr | 400kr | 500kr

# MARKAÐS-DAGAR

Gerðu frábær kaup!

## Komdu og gramsaðu!

Mikið úrval af vörum frá 50 kr. **Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum.** Við bætum við nýjum vörum daglega.

600kr | 800kr | 1000kr




## Nýtt blað

JKE innréttingar, Alessi, RCR kristall, tússtöflumálning, litur mánaðarins, ryksugur, háþrýstidælur, bílavörur, parket, flísar og ljós - eitthvað fyrir alla!

**Skoðaðu á byko.is**

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 1.sæti*

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

## TAMPA
U-sófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 315 x 215/143 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **142.425 kr.**



TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

## ZERO
hornsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.
Stærð: 288 x 205 x 88 cm.

**Fullt verð: 169.900 kr.**

Aðeins **127.425 kr.**



TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

## BUFFALO
lyftistóll
úr leðri

Stillanlegur hægindastóll. Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka með skemil. Aðstoðar þig á fætur. Hægt að fá í svörtum, brúnum og dröppuðum lit.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

Aðeins **143.920 kr.**

## JAZZ
hægindastóll
með skemli



Stillanlegur hægindastóll. Koníaksbrúnt, brúnt eða svart leður.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

TILBOÐ 30% AFSLÁTTUR

Aðeins **69.930 kr.**

# SIMBA®

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

## Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims.

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps. Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.




VARA ÁRSINS 2018
HEILSUDÝNUR
BRETLAND
Kjörin heilsudýna ársins á meðal 10.637 þátttakenda í neytendakönnun KANTAR TNS í Bretlandi

TILBOÐ á Classic botnum með Simba dýnum 20% AFSLÁTTUR

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| Dýna 80 x 200 cm | 64.900 kr. |
| Dýna 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| Dýna 100 x 200 cm | 79.900 kr. |
| Dýna 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| Dýna 140 x 200 cm | 99.990 kr. |
| Dýna 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| Dýna 180 x 200 cm | 129.990 kr. |

**Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á**
**www.simba.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð

## 15. til 21. febrúar

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF OPIN

FERMINGAR TILBOÐ

**NATURE'S REST**

heilsurúm með Classic botni

Nature's Bedding

FERMINGAR TILBOÐ + DÚNKODDI





Aukahlutur á mynd: Helsinki höfuðgafl.
Val um þrjá liti á botni: Hvítt, svart og grátt.

Öllum fermingartilboðum fylgir Scandinavian Bedding dúnkoddi að verðmæti **4.900 kr.**

**Nature's Rest með Classic botni og fótum**

| Stærð í cm | Fullt verð | Fermingartilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 | **45.900** |
| 90x200 | 59.900 | **49.900** |
| 100x200 | 63.900 | **53.900** |
| 120x200 | 69.900 | **59.900** |
| 140x200 | 79.900 | **69.900** |

NATURE'S REST | SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI | BURSTAÐIR STÁLFÆTUR | STERKUR BOTN | 320 GORMAR PR FM² | GÓÐAR KANTSTYRKINGAR

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Kristins Inga Jónssonar



# Í viðjum kerfis

Ætla mætti að íslenska menntakerfið væri eitt það besta í heimi. Fáar þjóðir verja eins stórum hluta af sinni landsframleiðslu í menntamál og við og þá eru óvíða færri nemendur á hvern kennara en hér. Raunin er hins vegar önnur eins og niðurstöður hinnar alræmdu PISA-könnunar hafa fært okkur heim sanninn um. Árangri íslenskra ungmenna hefur hrakað og stöndum við illa í alþjóðlegum samanburði.

Engu að síður virðist litlu mega breyta. Fólk er að upplagi íhaldssamt og hafa þess vegna flestar hugmyndir sem snúa að því að stokka upp kerfið og leysa það úr viðjum miðstýringar mætt andstöðu.

Hugsum okkur hvernig matvörumarkaðurinn væri ef hann væri skipulagður á sama hátt og grunnskólakerfið. Við myndum þá greiða skatt til ríkisins sem væri nýttur til að standa undir rekstri matvöruverslana um allt land. Hver og einn gæti aðeins verslað í einni verslun, nema hann flytti sig yfir í aðra, sem væri samt afar erfitt og tímafrekt.

Við gætum ekki gengið um verslunina og valið sjálf hvað við viljum kaupa. Þess í stað myndum við ganga rakleiðis að afgreiðsluborðinu og fá afhentan sérstakan pakka með matvörum. Allir fengju þennan sama pakka – ríkispakka – sem kerfiskallar hefðu látið útbúa.

Verslanir gætu ekki keppt sín á milli, hvorki þegar kæmi að vöruúrvali né verði. Þær fengju aðeins fé frá ríkinu, en ekki neytendum, og því hefðu þær engan hvata til að mæta kröfum neytendanna.

Sem betur fer er óralangt síðan matvöruverslun ríkisins var lögð niður og tekið var upp markaðsdrifið kerfi. Verslanir keppa nú um hylli neytenda, verð hefur lækkað og þjónustan batnað til muna. Þess væri óskandi að sömu kraftar fengju að móta menntakerfið.










Sómasamlokur

ÞESSAR SAMLOKUR ERU BESTA ÚTGÁFAN AF SJÁLFUM SÉR

— NÝSMURÐAR OG Í NÝJUM UMBÚÐUM —

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

